Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2011

# ÁRSSKÝRSLA 2011

## Efnisyfirlit


3 I *Markmið og stefna*

5 II *Stefnan í peningamálum*

9 III *Fjármálakerfi*

15 IV *Gjaldeyrisforði*

17 V *Lánamál ríkissjóðs*

21 VI *Alþjóðleg samskipti*

23 VII *Sérstök verkefni*

25 VIII *Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið*

31 *Samstæðuársreikningur 2011*

*Viðaukar*

77 *Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2011*

78 *Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2011*

79 *Ræður, erindi og greinar*

81 *Annáll efnahags- og peningamála 2011*

99 *Töflur*



*Mynd af bankaráði og þeim stjórnendum sem sitja fundi bankaráðs tekin fyrir fund ráðsins 23. febrúar 2012. Á myndinni eru frá vinstri: Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri á skrifstofu bankastjóra, Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Friðrik Már Baldursson, Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Arnalds varaformaður bankaráðs, Lára V. Júlíusdóttir formaður bankaráðs, Ragnar Árnason, Hildur Traustadóttir, Björn Herbert Guðbjörnsson, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur.*

Útgefandi:
Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.
Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605
Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is
Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókband: Oddi ehf.
Reykjavík 2012
ISSN 1670-522X

**Merking tákna:**

| | |
|---|---|
| * | Bráðabirgðatala eða áætlun. |
| 0 | Minna en helmingur einingar. |
| - | Núll, þ.e. ekkert. |
| ... | Upplýsingar vantar eða tala ekki til. |
| . | Tala á ekki við. |

# I Markmið og stefna

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi eins og fram kemur í lögum um bankann (lög nr. 36/2001 með síðari breytingum). Með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Þetta verðbólgumarkmið kemur fram í sameiginlegri yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 sem 2½% hækkun á verði vöru og þjónustu á 12 mánaða tímabili (miðað við vísitölu neysluverðs).[1] Lögin veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði, en jafnframt er tekið fram að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kemur fram í lögunum að bankinn skuli sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Í lögunum eru jafnframt ákvæði um reikningsskil og gagnsæi peningastefnunnar og starfsemi bankans almennt.[2]

Vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls bankanna haustið 2008 varð stöðugleiki í gengi krónunnar, m.a. með stuðningi hafta á gjaldeyrishreyfingar, einn af lykilþáttum þeirrar stefnu í peningamálum sem stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mótuðu í sameiningu. Um þessar mundir er unnið að losun gjaldeyrishafta og verðbólgumarkmiðið hefur fengið meira vægi á ný eftir því sem áhrif fjármálakreppunnar minnka.

**Peningastefna**

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólguspá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*, sem gefið var út fjórum sinnum á árinu. Í *Peningamálum* birtir bankinn ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu spárinnar.

Með síðustu breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands árið 2009 var stofnuð fimm manna peningastefnunefnd sem tekur ákvarðanir um beitingu stjórntækja í peningamálum. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vextir Seðlabanka Íslands, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavaralán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð hefur staðfest.[3] Seðlabankastjóri er formaður peningastefnunefndar, en í henni sitja að auki aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar, en aðalhagfræðingur bankans hefur skipað það sæti, og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem efnahags- og viðskiptaráðherra skipar.

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Lítils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.
2. Greint er nánar frá verkefnum bankans í ýmsum köflum þessarar skýrslu.
3. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

Árið 2011 voru vaxtaákvörðunardagar 8, þ.m.t. fjórir útgáfudagar *Peningamála*. Vaxtaákvörðunardagar eru tilkynntir fyrirfram, en nefndin getur breytt þeim eða bætt við dögum.

**Fjármálastöðugleiki**

Seðlabankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða. Hann birtir ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika tvisvar á ári í ritinu *Fjármálastöðugleiki*. Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með því að hafa eftirlit með að innlend greiðslu- og uppgjörskerfi séu í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur.

Með vísan til heimildar í lögum um Seðlabankann hefur hann sett reglur um lágmark lausafjár sem lánastofnunum ber ætíð að hafa yfir að ráða og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir og tekur ýmist við innlánum eða veitir þeim lán. Í lögunum er Seðlabankanum einnig veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjárvanda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna.

**Gjaldeyrisforði, erlend lán og gjaldeyrismál**

Seðlabankinn varðveitir gjaldeyrisforða landsmanna. Gjaldeyrisforðanum er ætlað að auka öryggi í viðskiptum Íslands, einkum ríkis og aðila með ríkisábyrgð, við önnur lönd. Um gjaldeyrisforðann gilda sérstakar reglur sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir, m.a. um ávöxtun og öryggi. Seðlabankanum er heimilt að taka lán til að efla gjaldeyrisforðann og að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi m.a. í því skyni. Þá er bankinn samkvæmt lögum ríkisstjórn til ráðuneytis um allt er varðar gjaldeyrismál, þar á meðal um erlendar lántökur.

# II Stefnan í peningamálum

Eins og kveðið er á um í lögum um Seðlabanka Íslands er það meginmarkmið bankans að stuðla að stöðugu verðlagi. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgumarkmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda gangi það ekki gegn markmiði um stöðugt verðlag.

### Vaxta-, gengis- og verðbólguþróun

Í upphafi árs 2011 voru vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana í Seðlabanka Íslands 3,5% og hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,25%.[1] Veðlánavextir voru á sama tíma 4,5%. Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði vexti í febrúar 2011 og voru þeir óbreyttir þar til í ágúst. Vextir voru hins vegar hækkaðir í tvígang á seinni hluta ársins, um 0,25 prósentur í hvort sinn. Í kjölfar síðustu vaxtaákvörðunar nefndarinnar í desember voru vextir á viðskiptareikningum 3,75%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,5% og veðlánavextir 4,75% (sjá mynd II-1).

Meginástæðan fyrir þessum tveimur vaxtahækkunum var sú að verðbólguhorfur höfðu versnað verulega og meirihluti nefndarmanna óttaðist að meiri verðbólguvæntingar og lágt gengi krónunnar myndu leiða til þess að verðbólga festist í sessi, einkum þegar efnahagsbatinn væri kominn á rekspöl.

Raunvextir bankans lækkuðu á árinu þrátt fyrir vaxtahækkanir. Þeir voru ríflega -1% í lok desember 2011 miðað við tólf mánaða verðbólgu og um -½% miðað við meðaltal ólíkra mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingar eða rúmum 2 prósentum lægri en í upphafi ársins. Slaki peningastefnunnar hefur því stutt við efnahagsbatann. Miðað við viðskiptavegna gengisvísitölu lækkaði gengi krónunnar um 4,3% frá ársbyrjun til ársloka, þar af um 3,2% gagnvart evru og 6,2% gagnvart Bandaríkjadal (sjá mynd II-2).

Verðbólga jókst á árinu þrátt fyrir að enn væri til staðar ónýtt framleiðslugeta. Helstu ástæður fyrir aukinni verðbólgu á árinu voru hækkun húsnæðisverðs, aukinn verðbólguþrýstingur í kjölfar almennra launahækkana og hækkun olíu- og hrávöruverðs á heimsmarkaði ásamt veiku gengi krónunnar. Í upphafi ársins 2011 nam ársverðbólga miðað við vísitölu neysluverðs 2,5% og undirliggjandi ársverðbólga (þ.e. verðbólga að undanskildum áhrifum neysluskatta, sveiflukenndra þátta eins og matvæla og bensíns, opinberrar þjónustu og vaxtakostnaðar af húsnæðislánum) nam 1% (sjá mynd II-3). Verðbólga jókst hröðum skrefum framan af árinu og náði hámarki í 5,7% í september en hafði hjaðnað í 5,3% í lok ársins. Undirliggjandi verðbólga hélt hins vegar áfram að aukast og nam 5% í desember 2011.

1. Frá því snemma árs 2009 hafa þessir vextir verið besti mælikvarðinn á aðhaldsstig peningastefnunnar þar sem útlánastarfsemi bankans hefur verið takmörkuð.

Tafla II-1 Vextir Seðlabanka Íslands 2011 (%)*

| *Dag- setning* | *Viðskipta- reikningur* | *28 daga innstæðu- bréf (hámark)* | *7 daga veðlán* | *Daglána- vextir* |
|---|---|---|---|---|
| 7. des. | 3,75 | 4,50 | 4,75 | 5,75 |
| 2. nóv. | 3,75 | 4,50 | 4,75 | 5,75 |
| 21. sept. | 3,50 | 4,25 | 4,50 | 5,50 |
| 17. ágúst | 3,50 | 4,25 | 4,50 | 5,50 |
| 15. júní | 3,25 | 4,00 | 4,25 | 5,25 |
| 20. apríl | 3,25 | 4,00 | 4,25 | 5,25 |
| 16. mars | 3,25 | 4,00 | 4,25 | 5,25 |
| 2. feb. | 3,25 | 4,00 | 4,25 | 5,25 |

* Vextir miðast við birtingardag nema á viðskiptareikningnum sem taka breytingum 1., 11. eða 21. hvers mánaðar.
*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-1
Vextir Seðlabanka og daglánavextir á millibankamarkaði
Daglegar tölur 1. janúar - 31. desember 2011




Vextir á veðlánum
Daglánavextir á millibankamarkaði
Hámarksvextir 28 daga innstæðubréfa
Viðskiptareikningar
Daglánavextir

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2
Gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum
Daglegar tölur 3. janúar 2008 - 30. desember 2011




Bandaríkjadalur (v. ás)
Evra (v. ás)
Breskt pund (v. ás)
Vísitala meðalgengis - viðskiptavog þröng (h. ás)

*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd II-3
Verðbólga á ýmsa mælikvarða
Janúar 2001 - desember 2011




*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.





## Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Lög um Seðlabanka Íslands leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Í riti sínu, *Peningamálum*, gerir bankinn grein fyrir horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári. Ritið er einnig gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*.

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd bankans birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Peningastefnunefnd birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt, en þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peningamálum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum.

Lögin kveða einnig svo á að peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári og að ræða skuli efni skýrslunnar í þeirri þingnefnd sem þingforseti ákveður.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönum sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Mikill hluti rannsókna í Seðlabanka Íslands er helgaður þessu viðfangsefni. Í byrjun árs 2006 var tekið í notkun ársfjórðungslegt þjóðhagslíkan sem lýsir helstu miðlunarleiðum peningastefnunnar. Stöðugt er unnið að þróun líkansins en jafnframt er nú unnið að þróun nýs heildarjafnvægislíkans sem notað verður samhliða ofangreindu ársfjórðungslíkani en slík jafnvægislíkön henta betur við hagstjórnarhermanir. Einn liður í því að auka gagnsæi er að hafa ársfjórðungslíkanið og gagnagrunn þess aðgengileg á heimasíðu bankans.

### Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Með breytingum á lögum um Seðlabanka Íslands árið 2009 skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum. Stjórntæki bankans teljast í þessu sambandi vera vaxtaákvarðanir hans, tiltekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.

Peningastefnunefnd var á árinu skipuð Má Guðmundssyni, seðlabankastjóra, sem samkvæmt lögunum er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni, aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðalhagfræðingi Seðlabanka Íslands, Anne Sibert, prófessor við Birkbeck-háskólann í Bretlandi, og Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands.

### Vaxtaákvarðanir 2011

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Átta fundir voru haldnir á árinu og voru vaxtaákvarðanir nefndarinnar með eftirfarandi hætti:[2]

*2. febrúar:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækkaðir um 0,25 prósentur. Nefndarmenn greiddu allir atkvæði með tillögu

2. Rök nefndarmanna koma fram í fundargerðum nefndarinnar.

seðlabankastjóra, en Gylfi Zoëga hefði þó kosið 0,25 prósentum meiri lækkun. Hann var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að hann gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*16. mars:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu óbreyttir. Anne Sibert, Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra þótt Þórarinn G. Pétursson hefði kosið 0,25 prósentna lækkun. Hann var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að hann gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra. Gylfi Zoëga greiddi atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra og kaus heldur að lækka vexti um 0,25 prósentur.

*20. apríl:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu óbreyttir. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Anne Sibert greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,25 prósentur.

*15. júní:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu óbreyttir. Nefndarmenn greiddu allir atkvæði með tillögu seðlabankastjóra þótt Anne Sibert hefði heldur kosið að hækka vexti um 0,25 prósentur. Hún var þó þeirrar skoðunar að munurinn væri það lítill að hún gæti fallist á tillögu seðlabankastjóra.

*17. ágúst:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Gylfi Zoëga greiddi atkvæði gegn henni og hefði heldur kosið að halda vöxtum óbreyttum. Anne Sibert var fjarverandi.

*21. september:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu óbreyttir. Anne Sibert, Arnór Sighvatsson og Gylfi Zoëga greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,25 prósentur.

*2. nóvember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir yrðu hækkaðir um 0,25 prósentur. Anne Sibert, Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði með tillögu seðlabankastjóra en Gylfi Zoëga greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að vöxtum yrði haldið óbreyttum.

*7. desember:* Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.



# III Fjármálakerfi

Eitt af lögbundnum hlutverkum Seðlabanka Íslands er að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi. Með öðrum orðum skal bankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Heilbrigt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar stefnu í peningamálum.

**Skipulagsbreytingar**

Á árinu var fjármálasviði bankans skipt upp í tvö svið, fjármálastöðugleikasvið og greiðslukerfasvið. Hlutverk greiðslukerfasviðs er að stuðla að öryggi og skilvirkni þýðingarmikilla greiðslukerfa, annast útgáfu og umsýslu seðla og myntar og reka fjárhirslur. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf.

Meginviðfangsefni fjármálastöðugleikasviðs eru greining á áhættu í fjármálakerfinu og þátttaka í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Jafnframt hefur sviðið lagt aukna áherslu á greiningu á efnahagsreikningum heimila og fyrirtækja.

## Fjármálastöðugleiki

Fjármálastöðugleikasvið tekur þátt í stefnumótun varðandi uppbyggingu fjármálakerfisins og varðandi markmið, tæki og skipulag fjármálastöðugleika á Íslandi. Sviðið á í miklum samskiptum við stofnanir sem starfa að fjármálastöðugleika á Íslandi, einkum Fjármálaeftirlitið, en er einnig þátttakandi í umtalsverðu alþjóðlegu samstarfi.

**Nýr samstarfssamningur við Fjármálaeftirlitið**

Í byrjun árs 2011 tók gildi nýr samstarfssamningur milli Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins. Í samningnum er lögð áhersla á að skilgreina með skýrum hætti ábyrgð hvorrar stofnunar fyrir sig og verkaskiptingu þeirra á milli. Ennfremur er það markmið samstarfssamningsins að sjá til þess að til reiðu séu samhæfðar viðbúnaðaráætlanir og að reglulega sé metið hve vel lög og reglur þjóni markmiðum um stöðugleika fjármálakerfisins. Meðal helstu nýmæla í samstarfssamningnum má nefna fjármálastöðugleikafundi og starf sameiginlegra áhættumatshópa. Á fjármálastöðugleikafundunum er lagt mat á kerfislega áhættu í íslenska fjármálakerfinu. Dagskrá fundanna spannar meðal annars þjóðhagslega þætti, áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja, samspil áhættuþátta, bæði innan fjármálakerfisins og milli þess og þjóðarbúsins, stöðu greiðslukerfa, lög og reglur um fjármálastarfsemi og endurbætur á viðlagaáætlunum. Fyrir þessa fundi tekur hvor stofnun saman yfirlit yfir stöðu áhættuþátta sem hún hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum sem ábyrgð skarast er sameiginlegum áhættumatshópum falið þetta verkefni. Í árslok voru starfandi fjórir sameiginlegir áhættumatshópar, þ.e. fjármögnunaráhættuhópur, gjaldeyrisáhættuhópur, greiðslu- og uppgjörsáhættuhópur og hópur

Mynd III-1
Fjárhagsstaða heimila




— Hlutfall skulda af hreinni eign[1]
— Hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum
— Hlutfall hreinnar eignar af ráðstöfunartekjum

1. Þ.m.t. fasteignir, bílar, bankainnstæður og ýmiss konar verðbréf en án lífeyriseignar.
*Heimildir:* Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-2
Vanskilahlutföll þriggja stærstu viðskipabankanna[1]




■ Útlán til aðila með a.m.k. eitt lán í vanskilum umfram 90 daga (þá eru öll lán viðkomandi talin í vanskilum, e. cross default method)
■ Útlán í vanskilum umfram 90 daga (e. facility level/impaired loans)

1. Móðurfélög, bókfært virði.
*Heimild:* Fjármálaeftirlitið.

um samspil áhættu í rekstri einstakra fjármálafyrirtækja og áhættu í kerfinu í heild (þjóðhagsvarúð). Meðal annarra nýmæla sem má nefna í samstarfssamningnum eru áform um endurbætta framkvæmd við öflun og gagnkvæma miðlun upplýsinga milli stofnananna, en stefnt er að sameiginlegum gagnagrunni með aðgangsstýringu. Það er mat Seðlabankans að samstarfssamningurinn sé mjög mikilvægur og að vart verði gengið lengra innan núverandi lagaramma í samstarfi stofnananna.

**Varúðarreglur**

Í byrjun árs 2011 tóku gildi nýjar reglur Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Meðal helstu breytinga með nýjum reglum má nefna að leyfileg opin gjaldeyrisstaða í einstökum erlendum gjaldmiðlum lækkaði úr 20% í 15% af eiginfjárgrunni og leyfilegur heildargjaldeyrisjöfnuður lækkaði úr 30% í 15%. Þá er ákvæði til bráðabirgða þess efnis að vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls íslenska bankakerfisins geti Seðlabankinn veitt tímabundna heimild til þess að hafa sérstakan jákvæðan eða neikvæðan gjaldeyrisjöfnuð. Fjármálafyrirtæki skulu leggja til grundvallar umsókn sinni þar að lútandi tímasetta áætlun um hvernig þau hyggjast ná gjaldeyrisjöfnuði sem uppfyllir reglurnar. Undanþágur verða ekki veittar til lengri tíma en 1. janúar 2013.

Reglur Seðlabankans um laust fé lánastofnana eru frá árinu 2006. Samkvæmt reglunum eru lausafjáreignir og –skuldbindingar lánastofnana flokkaðar eftir tímabilum og gefið vægi eftir áhættu. Lánastofnanir skulu samkvæmt reglunum hafa hverju sinni lausar eignir umfram skuldbindingar næstu þrjá mánuði. Í reglunum er fólgið visst álagspróf þar sem frádráttur er á ýmsum eignaliðum en gert ráð fyrir að greiða þurfi allar skuldbindingar á gjalddaga og hluta annarra skuldbindinga, svo sem innlána, með engum eða stuttum fyrirvara. Á árinu 2011 hóf Seðlabankinn, í samstarfi við Fjármálaeftirlitið og stærstu viðskiptabanka, endurskoðun á lausafjárreglunum með hliðsjón af nýjum alþjóðlegum lausafjárreglum sem taka munu gildi á komandi árum (Basel III).

Framundan er vinna við að bæta úr ágöllum sem voru á skipulagi og tækjum er miða að því að varðveita fjármálastöðugleika. Losun gjaldeyrishafta gæti haft í för með sér töluverða hreyfingu á lausafé og gengissveiflur krónunnar. Samhliða losun haftanna og í ljósi reynslunnar mun Seðlabankinn þróa varúðarreglur sem sporna við áhættu í erlendum efnahagsreikningi bankanna.

**Þróun á árinu**

Á árinu 2011 gaf Seðlabankinn út tvær skýrslur um fjármálastöðugleika. Fyrri skýrslan kom út í júní og sú seinni í desember. Þar kom meðal annars fram að þrátt fyrir jákvæða efnahagsþróun innanlands á árinu væru blikur á lofti og horfurnar óvissari en alla jafna. Óstöðugleiki í heimsbúskapnum, einkum ríkisskulda- og bankakreppan á evrusvæðinu, hafði lítil bein áhrif hérlendis til skamms tíma litið, meðal annars sakir gjaldeyrishaftanna og vegna þess að innlendir aðilar eru lítt háðir fjármögnun á erlendum mörkuðum um þessar mundir. Dragist kreppan á evrusvæðinu hins vegar á langinn kann

hún að hafa óbein áhrif á fjármálakerfið ef eftirspurn eftir útflutningsvörum Íslands minnkar og viðskiptakjör versna.

Fjármálafyrirtækin hafa starfað í vernduðu umhverfi frá því í nóvember árið 2008, bæði vegna gjaldeyrishaftanna og yfirlýsingar stjórnvalda um altæka innstæðutryggingu. Eiginfjárhlutföll bankanna eru há og þeir eru því þokkalega í stakk búnir til að mæta áföllum. Skuldsetningarhlutfall er innan hóflegra marka og lausafjárstaða er góð. Vanskilahlutföll útlána eru þó há, en hafa farið lækkandi á árinu, samhliða aukinni endurskipulagningu lánasafna. Til lengri tíma litið þurfa bankarnir að afla lánsfjár á markaði og lengja í innlendri fjármögnun sinni til að vera búnir undir opnara umhverfi. Fyrstu merkin um það sáust á árinu með útgáfu sértryggðra skuldabréfa.

Skuldsetning heimila og fyrirtækja fór minnkandi í kjölfar endurskipulagningar og afskrifta lána, en er þó enn mjög há. Einstaklingum og fyrirtækjum á vanskilaskrá fjölgaði ekki á seinni hluta ársins, eftir stöðuga fjölgun frá efnahagshruninu. Gjaldþrotum og árangurslausum fjárnámum einstaklinga fjölgaði á fyrri hluta ársins miðað við fyrra ár en umskipti urðu í þeirri þróun á seinni hluta ársins. Gjaldþrotum og árangurslausum fjárnámum fyrirtækja fjölgaði verulega á árinu og tíðni þeirra var há í sögulegu samhengi. Þessi þróun er fylgifiskur óhjákvæmilegrar endurskipulagningar, sem felst í því að ólífvænleg fyrirtæki fara í þrot en skuldir hinna lífvænlegri eru endurskipulagðar.

Mynd III-3
Velta í stórgreiðslukerfi
2010-2011




*Heimild:* Greiðsluveitan ehf.

## Greiðslukerfi

### Greiðslu- og uppgjörskerfi

Verkefni greiðslukerfa, sem er starfseining undir greiðslukerfasviði, er einkum stefnumótun á sviði greiðslumiðlunar, mótun reglna um greiðslu- og uppgjörskerfi, eftirfylgni, mat á virkni og öryggi auk yfirsýnar með kerfislega þýðingarmiklum greiðslu- og uppgjörskerfum landsins.

Fjárhirslur annast m.a. meðferð seðla og myntar fyrir hönd bankans, sjá um dreifingu í seðlageymslur á landsbyggðinni og afgreiðslu til bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

Seðlabanki Íslands seldi hlut sinn í Reiknistofu bankanna (RB) í byrjun árs 2011 og eignaðist á sama tíma Greiðsluveituna ehf. (áður Fjölgreiðslumiðlun hf.) að fullu. Samhliða var RB breytt í hlutafélag, en rekstur RB hafði fram til þess tíma grundvallast á samstarfssamningi og verið litið á starfsemina sem hluta af innviðum eigenda. Breyting þessi var liður í að aðskilja eignarhald og stýringu þýðingarmikilla kjarnainnviða frá notendum á samkeppnismarkaði, auk þess sem með breytingunni var leitast við að ná fram hagræðingu á vettvangi upplýsingatæknimála. Greiðsluveitan hefur nú með höndum rekstrarþætti helstu greiðslumiðlunarkerfa. Meginmarkmið og stefna Seðlabankans með rekstri Greiðsluveitunnar er að tryggja örugga, skilvirka og hagkvæma þjónustu á sviði greiðslumiðlunar.

Mynd III-4
Velta jöfnunarkerfis
2010-2011




*Heimild:* Greiðsluveitan ehf.

### Stórgreiðslukerfið

Auk Seðlabanka Íslands voru beinir þátttakendur í stórgreiðslukerfinu 31. desember 2011 Arion banki hf., Byr hf., Clearstream Banking s.a., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf. og Straumur IB hf. Þá fer fram í stórgreiðslukerfinu endanlegt peningalegt uppgjör

Mynd III-5
Velta í verðbréfauppgjörskerfi
2010-2011




*Heimild:* Verðbréfaskráning Íslands.





Mynd III-6
Seðlar og mynt í umferð
2010-2011




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

verðbréfaviðskipta úr verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands og jöfnunarkerfi Greiðsluveitunnar.

Heildarvelta í stórgreiðslukerfinu 2011 jókst um 8,4% miðað við árið áður og var 12.502 ma.kr. (þ.e. útgreiðslur) í rúmlega 82 þúsund greiðslufyrirmælum. Síðustu tvö ár á undan hafði veltan dregist saman frá fyrra ári, um rúm 12% árið 2010 og 84% árið 2009.

### Jöfnunarkerfi

Beinir þátttakendur í jöfnunarkerfinu í lok árs 2011 voru Arion banki hf., Byr hf., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf., auk Seðlabanka Íslands. Heildarveltan í kerfinu árið 2011 jókst um 3,7% frá fyrra ári og var 2.894 ma.kr. Færslufjöldinn árið 2011 jókst um 1% frá 2010 og var rétt tæpar 73 milljónir færslna.

### Verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands

Uppgjörsstofnanir í verðbréfauppgjörskerfinu 31. desember 2011 voru Arion banki hf., Byr hf., Clearstream Banking s.a., Íslandsbanki hf., MP banki hf., NBI hf. og Saga Capital hf.

Fjöldi uppgerðra viðskipta á árinu 2011 voru 23.995 færslur að verðmæti 2.579 ma.kr. Fjöldi utanþingsviðskipta nam hins vegar 51.882 færslum árið 2011 samanborið við 50.280 árið á undan.

## Greiðslumiðlar

### Greiðslukort

Á árinu 2011 vann Seðlabankinn skýrslu um kortajöfnunarkerfi og fyrirkomulag greiðsluuppgjörs. Skýrslan er aðgengileg á vef bankans. Í framhaldi af þeirri skýrslu var ráðist í gerð sambærilegrar úttektar á debetkortamarkaðnum sem mun koma út árið 2012 og verður hún einnig aðgengileg á heimasíðu bankans.

Heildarfjöldi greiðslukortafærslna árið 2011 jókst um 2% og nam 115 milljónum færslna. Verðmæti kortaviðskipta á árinu nam alls 730 ma.kr. sem er 7,5% aukning frá fyrra ári. Hlutdeild debetkortanotkunar af heildarviðskiptum var 385 ma.kr. eða 52,7%, en kreditkortanotkun nam 345 ma.kr. eða 47,3% heildarnotkunarinnar.

### Tékkar

Notkun tékka innanlands hefur dregist jafnt og þétt saman síðustu ár. Árið 2011 var samdráttur í tékkaveltu um 14,9% en heildarfjárhæð útgefinna tékka nam 55,7 ma.kr. Fjöldi innleystra tékka var um 104.000 sem er 38,5% samdráttur frá fyrra ári.

### Seðlar og mynt í umferð

Reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana nam 39,4 ma.kr. í árslok 2011. Aukning á árinu var 13,6%, samanborið við 34,8% aukningu árið á undan. Þetta er þriðja árið í röð sem reiðufé í umferð eykst. Um langt árabil var hlutfall reiðufjár í umferð í hlutfalli við verga landsframleiðslu um 1%. Í kjölfar fjármálaáfallsins í októbermánuði 2008 varð veruleg aukning á reiðufé í umferð. Í lok ársins 2011 var hlutfallið orðið um 2,4% og hafði hækkað um 0,1 prósent frá fyrra ári.

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt á því að gefa út gjaldmiðil Íslands. Lög um Seðlabankann leggja m.a. þær kvaðir á bankann að hann eigi ávallt nægjanlegt magn af seðlum og mynt. Bankinn leggur áherslu á að viðhalda trúverðugleika íslenskra peninga, m.a. með ýmsum öryggisþáttum í seðlum og með reglulegri greiningu þeirra. Markmið öryggisþátta er að auðvelda greiningu falsaðra seðla. Í greiningunni felst m.a. að seðlar eru taldir, leitað að fölsunum og seðlar flokkaðir í nothæfa og ónothæfa seðla. Á árinu 2011 barst seðlagreiningardeild bankans 13,1 milljón seðla frá bönkum sem innlagnir og eyddi seðlagreiningardeildin 4,3 milljónum seðla. Peningafalsanir eru fáar á Íslandi.

Þeir peningaseðlar sem nú eru í notkun hér á landi voru fyrst settir í umferð á árunum 1981-1995, en síðan hafa orðið umtalsverðar framfarir í hönnun seðla. Á árunum 2003-2005 voru 500 kr., 1000 kr. og 5000 kr. seðlarnir uppfærðir með nýjum öryggisþáttum og smávægilegum útlitsbreytingum. Árið 1995 voru 2000 kr. seðlar fyrst settir í umferð. Útbreiðsla 2000 króna seðilsins varð ekki eins mikil og vænst var m.a. vegna þess að hann var ekki í hraðbönkum í upphafi. Mikill hluti seðla á Íslandi er settur í umferð í gegnum hraðbanka og seðill sem er ekki til staðar í hraðbönkum fær minni útbreiðslu en ella. Um þessar mundir eru 2000 kr. seðlar í um tíunda hverjum hraðbanka.

Í lok ársins 2011 var verðmæti 2000 kr. seðla í umferð á Íslandi um 700 m.kr. Hlutdeild þeirra er aðeins 1,7% af heildarverðmæti seðla í umferð sem svarar u.þ.b. til þess magns af seðlum sem prentað hefur verið. Ekki er gert ráð fyrir að Seðlabankinn láti prenta fleiri 2000 kr. seðla heldur verður seðillinn látinn fjara út. Seðillinn verður þó ekki innkallaður. Hann verður áfram lögeyrir og mun velta í hagkerfinu líftímann til enda.

Mynd III-7
Greiðslukort (debet- og kreditkort)
2010-2011




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





Mynd III-8
Afköst seðlagreiningar og fjöldi seðla í umferð í lok árs




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.





# IV Gjaldeyrisforði

Eitt af viðfangsefnum Seðlabanka Íslands er samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrisforða. Gjaldeyrisforðinn takmarkar og dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri breytingum á aðgangi að erlendu lánsfé og sveiflum í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendan gjaldeyri og standa við erlendar lánsskuldbindingar. Gjaldeyrisforði skapar þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá má nota gjaldeyrisforða til að styðja peningastefnuna. Stærð gjaldeyrisforðans tekur mið af umfangi utanríkisviðskipta, fyrirkomulagi gengis- og peningamála, reglum um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti og erlendum skuldum ríkissjóðs og þjóðarbúsins. Á hverjum tíma ræðst nauðsynleg forðastærð af horfum um þróun greiðslujafnaðar. Alþjóðlegar skuldbindingar og samstarf, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, kunna því til viðbótar að setja lágmarksstærð gjaldeyrisforðans skorður.

## Helstu hreyfingar

Frá árinu 2008 hefur Seðlabankinn lagt sérstaka áherslu á að efla gjaldeyrisforðann. Með lántökum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, tvíhliða lánum frá vinaþjóðum og útgáfu á markaði hefur hreinn gjaldeyrisforði um það bil þrefaldast frá miðju ári 2008.

Á árinu 2011 dró Seðlabankinn að fullu á lán sitt hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og nam staða þess í árslok um 1.400 milljónum SDR. Einnig fengu Seðlabankinn og ríkissjóður síðustu fyrirgreiðslu lána frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Seðlabanka Noregs í tengslum við efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Samtals námu lán frá Norðurlöndunum 1.775 milljónum evra.

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands var í lok árs 2011 1.044 milljarðar króna en var 662 milljarðar króna í lok árs 2010 og hafði því aukist um 382 milljarða króna á árinu. Aukningu forðans má helst rekja til 525 milljóna SDR fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, 887,5 milljóna evra fyrirgreiðslu frá Norðurlöndunum og aukningu á gjaldeyrisinnstæðu annarra en ríkissjóðs um 70 milljarða króna. Helsta útstreymið úr gjaldeyrisforðanum var vegna endurkaupa á skuldabréfum ríkissjóðs að fjárhæð 346 milljónir evra, uppgreiðslu á erlendu láni ríkissjóðs fyrir 291 milljón evra sem og lokagreiðslu á láni ríkissjóðs upp á 75 milljónir evra.

## Varðveisla forðans

Leitast er við að tryggja öryggi við stýringu og ávöxtun gjaldeyrisforðans. Að undanförnu hefur gætt mikillar varfærni sem rekja má til óstöðugleika á erlendum fjármálamörkuðum.

Að langmestu leyti ávaxtar Seðlabankinn gjaldeyrisforðann í erlendum verðbréfum og innstæðum í erlendum seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum. Við lok árs 2011 var hlutfall innstæðna óvenjustórt og skýrist það á tvo vegu. Annars vegar geyma skilanefndir föllnu bankanna gjaldeyri hjá Seðlabankanum sem síðan

Mynd IV-1
Lán til eflingar gjaldeyrisforða frá nóvember 2008




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-2
Skipting forða eftir fjármögnun




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-3
Skipting gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands %




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

ávaxtar hann hjá seðlabönkum erlendis og Alþjóðagreiðslubankanum og hins vegar sökum þess að undir lok árs dró Seðlabankinn á stóran hluta láns frá Norðurlöndunum.

Á myndinni hér til hliðar má sjá skiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2011 en þá var forðinn 1.044 milljarðar króna eða sem samsvarar 6.605 milljónum evra.

Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2011 aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðagreiðslubankanum, í formi endurhverfra verðbréfaviðskipta, að fjárhæð 400 milljónir Bandaríkjadala, sem svarar til 49 ma.kr. Ónotaðar lánsheimildir við Pólland voru við árslok 2011 að fjárhæð 420 milljónir pólskra slota. Bankinn nýtti sér ekki þessa fyrirgreiðslu á árinu 2011, enda er erlend lausafjárstaða bankans góð.

Tafla IV Ávöxtun erlendra skuldabréfa 2011

| | *GBP* | *USD* | *EUR* | *PLN* |
|---|---|---|---|---|
| Ávöxtun skuldabréfa | 4,73% | 3,17% | 3,25% | 7,26% |
| Viðmiðunarvísitölur | 5,70% | 3,40% | 3,26% | 7,26% |
| Ávöxtun umfram viðmið | -0,97% | -0,23% | -0,01% | 0,00% |

## Fjárhagsleg áhætta

Til þess að draga úr fjárhagslegri áhættu setur seðlabankastjóri reglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem kveða á um ákvörðunartöku og ytri ramma þeirrar áhættu sem bankinn er tilbúinn að taka. Gagnger endurskoðun á reglum þessum fór fram á árinu 2011 og verða þær innleiddar á árinu 2012.

Stærð forðans og kröfur um hversu stór hluti hans skuli laus til ráðstöfunar á hverjum tíma setja stýringu gjaldeyrisforðans skorður. Brýnt er að eignir í gjaldeyrisforða séu bæði traustar og nægjanlega seljanlegar til að Seðlabankinn geti beitt þeim til að ná markmiðum sínum og sinna hlutverki sínu. Stýring hans miðar að því að lágmarka áhættuleiðréttan kostnað Seðlabankans af forðahaldi og stuðla að skilvirkri og hagkvæmri stýringu á efnahagsreikningi bankans. Ríkar kröfur eru gerðar um seljanleika og getu til að bregðast við utanaðkomandi atburðum og kann það að draga úr möguleikum bankans til að sækjast eftir bestu ávöxtun á hverjum tíma.

Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að virði gengisbundinna eigna Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum sveiflist sem minnst. Hlutdeild gjaldmiðla í þessari hreinu eign eða gjaldeyrisjöfnuði Seðlabanka Íslands er endurskoðuð reglulega og staðfest í starfsreglum um gjaldeyrisforðann. Bankinn notar meðal annars afleiður við stýringu á gjaldeyrissamsetningu forðans.

# V Lánamál ríkissjóðs

**Samningur um lánamál ríkissjóðs**

Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármálaráðuneytisins. Í samningi þeirra á milli er kveðið á um verkaskiptingu og ákvörðunarvald. Seðlabankanum er falið að sjá um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánum til aðalmiðlara. Seðlabankinn annast áhættu- og lánsfjárstýringu eftir viðmiðum sem fjármálaráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs. Einnig sinnir hann upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og fjármálaráðuneytis með reglubundnum hætti og viðheldur vefsíðunum www.bonds.is og www.lanamal.is. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annist samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana og sinni verkefnum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Þá veitir hann ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða og innheimtir ríkisábyrgðargjald. Ennfremur sér bankinn um útgáfu skuldabréfa vegna endurlána.

**Innlend lánamál**

Í desember 2010 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs útgáfuáætlun í lánamálum fyrir árið 2011. Samkvæmt henni var stefnt að því að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 120 ma.kr. á árinu til að mæta rekstrarhalla ríkissjóðs og lánum sem féllu í gjalddaga. Á árinu 2011 kom til innlausnar ríkisbréfaflokkurinn RIKB 11 0722 að fjárhæð 53 ma.kr. að nafnvirði. Hrein útgáfa ríkisbréfa var því áætluð 67 ma.kr. Ennfremur var stefnt að því að lækka fjárhæð ríkisvíxla um 12 ma.kr.

Í ársáætluninni var tilkynnt um útgáfu á nýjum 10 ára og 20 ára óverðtryggðum skuldabréfaflokkum. Útgáfufyrirkomulagi ríkisvíxla var breytt á árinu 2011. Í stað þess að gefa út ríkisvíxla til fjögurra mánaða voru mánaðarlega gefnir út ríkisvíxlar til sex mánaða með möguleika á stækkun þegar þrír mánuðir voru til gjalddaga. Tilgangur breytingarinnar var að mæta betur þörfum fjárfesta sem eru að byggja upp sjóði með skammtímaverðbréfum.

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að birta ársfjórðungsáætlun í lok hvers ársfjórðungs. Í henni er fjallað ítarlegra um útgáfu ríkisverðbréfa næstu þrjá mánuði og býður áætlunin upp á meiri sveigjanleika í útgáfu til þess að mæta eftirspurn á markaði á hverjum tíma.

Stefna í lánamálum ríkisins 2011-2014 var birt í upphafi árs 2011. Stefnan endurspeglar áform stjórnvalda um framkvæmd lánsfjármögnunar á tímabilinu. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárþörf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu.

Hinn 25. mars 2011 var tilkynnt um breytingu á útgáfumálum samhliða áætlun um losun gjaldeyrishafta. Ákveðið var að gefa út nýjan verðtryggðan flokk ríkisbréfa með lokagjalddaga árið 2030 sem

eigendur gjaldeyris áttu kost á að kaupa. Af því tilefni var ákveðið að draga úr útgáfu ríkisvíxla og ríkisbréfa um samsvarandi fjárhæð og næmi söluandvirði hins nýja flokks. Sala í þessum nýja flokki nam um 45 ma.kr. á árinu 2011, en þar af voru um 32 ma.kr. vegna skipta á ríkisbréfum við Íbúðalánasjóð.

Heildarútgáfa ríkisbréfa var 126 ma.kr. árið 2011. Þar af seldust 13 ma.kr. í gegnum gjaldeyrisútboð.

**Vaxtakostnaður**

Vaxtakostnaður er einn stærsti einstaki útgjaldaliður ríkissjóðs. Árið 2011 var gjaldfærður hreinn vaxtakostnaður ríkissjóðs 64 ma.kr. sem er lækkun frá árinu 2010 þegar hann var 68 ma.kr. Vextir í útboðum ríkisverðbréfa lækkuðu á árinu 2011 samanborið við árið á undan. Vegnir meðalvextir samþykktra tilboða í útboðum óverðtryggðra ríkisbréfa voru 5,28% árið 2011 samanborið við 6,09% árið áður. Vegnir meðalvextir verðtryggðra bréfa voru á sama tíma 2,78% og 3,41% árið áður. Vaxtakjör á markaði skipta mjög miklu máli þegar vaxtabyrði af lántöku er metin. Sérstaklega skipta kjörin miklu máli þegar verið er að gefa út bréf til langs tíma. Til að setja tölurnar í samhengi jafngildir 0,81% lækkun veginna vaxta í útboðum óverðtryggðra ríkisbréfa á milli ára því að ríkissjóður spari árlega 915 m.kr. í vaxtakostnað miðað við 113 ma.kr. útgáfu. Ef horft er til þess að meðallíftími óverðtryggðrar útgáfu er 6,2 ár skilar 81 punkts vaxtalækkun því að vaxtakostnaður lækki samtals um tæpa 5,7 ma.kr.

Vegnir meðalvextir (flatir) í útboðum ríkisvíxla voru 3,09% en árið 2011 var verðbólga 5,3%. Árið 2010 voru vegnir meðalvextir af samþykktum tilboðum 5,75%. Lækkun vaxta í útboðum á árinu 2011 hefur því skilað umtalsverðum sparnaði fyrir ríkissjóð. Til þess að gefa hugmynd um áhrifin hefur 2,66% lækkun meðalvaxta lækkað vaxtakostnað ríkissjóðs um 1,3 ma.kr. miðað við 50 ma.kr. útgáfu ríkisvíxla.

**Erlend lánamál**

Erlendar skuldir ríkissjóðs voru 449 ma.kr. í árslok 2011. Skuldunum má skipta í tvennt, þ.e. tvíhliða lán og erlend markaðslán. Í september 2011 var eitt sambankalán á gjalddaga að fjárhæð 75 milljónir evra eða 12 ma.kr. Lánið var tekið haustið 2008 og var upphaflega 300 milljónir evra en í desember 2010 greiddi ríkissjóður 225 milljónir evra. Í desember 2011 var markaðsskuldabréf upphaflega að fjárhæð 1.000 milljónir evra á gjalddaga. Ríkissjóður hafði dregið verulega úr endurfjármögnunaráhættu með uppkaupum á flokknum á eftirmarkaði og í útboðum þannig að á gjalddaga var einungis 281 milljón evra.

Tvíhliða lánin eru veitt af ríkissjóðum Danmerkur, Færeyja, Finnlands, Póllands og Svíþjóðar. Lánin voru veitt til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Heildarfjárhæð lánsloforða nam 235 ma.kr. Um áramótin var dregið á síðasta hluta Norðurlandalánanna að fjárhæð 117 ma.kr., en heimild til ádráttar hefði fallið niður í árslok. Lánin endurgreiðast á 7 ára tímabili og hefjast afborganir árið 2014. Eins og fram kemur í töflu átti ríkissjóður ónýttar lánsheimildir að andvirði 15 ma.kr. í árslok 2011, sem skýrist af því að ádráttartímabilið fyrir tvíhliða lán frá Póllandi var framlengt um ár.

### Tafla V-1 Erlendar skuldir ríkissjóðs (fjárhæðir í milljónum)

Tvíhliða lán

| | Gjaldm. | Lánsloforð Fjárhæð | Nýttar heimildir | Ónýtt heimild | Lánsloforð ISK | Nýttar heimildir ISK | Ónýtt heimild ISK |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | EUR | 480 | 480 | 0 | 76.454 | 76.454 | 0 |
| Finnland | EUR | 320 | 320 | 0 | 50.970 | 50.970 | 0 |
| Svíþjóð | EUR | 495 | 495 | 0 | 78.844 | 78.844 | 0 |
| Pólland | PLN | 630 | 204 | 426 | 22.539 | 7.303 | 15.236 |
| Færeyjar | DKK | 300 | 300 | 0 | 6.429 | 6.429 | 0 |
| *Samtals* | | | | | *235.235* | *219.999* | *15.236* |

Markaðsskuldabréf

| | Gjalddagi | Gjaldm. | Upphafleg lánsfj.hæð | Uppkaup/ afborgun | Staða í árslok | Staða í árslok í ISK |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Eurobond (MTN) | 2012 | EUR | 250 | 86 | 164 | 26.194 |
| Eurobond (MTN) | 2014 | USD | 200 | 0 | 200 | 24.600 |
| Skuldabréf (barnalán) | 2016 | GBP | 30 | 2 | 28 | 5.374 |
| Eurobond (MTN) | 2016 | USD | 1.000 | 0 | 1.000 | 123.000 |
| Eurobond (MTN) | 2025 | EUR | 402 | 91 | 311 | 49.536 |
| *Samtals* | | | | | | *228.704* |

Lán Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að jafnvirði 272 ma.kr. (1.400 m. SDR) eru hluti af efnahagsáætlun stjórnvalda og eru veitt Seðlabanka Íslands beint. Það sama á við um lánafyrirgreiðslu frá Noregi að jafnvirði 76 ma.kr. (480 m. evra). Lánin eru notuð til að styrkja gjaldeyrisforða bankans og eru ekki hluti af skuldum ríkissjóðs.

**Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði (EMTN-samningur) og útgáfa í Bandaríkjunum**

Rammasamningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (e. Euro Medium Term Note Program), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Umsjónaraðili samningsins er Citibank, en á grundvelli samningsins eru mögulegar bæði opinberar útgáfur og einkaútgáfur. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2008 og nemur hámarksfjárhæð hans nú fimm milljörðum evra. Eins og fram kemur í töflu eru nú útistandandi fjórar skuldabréfaútgáfur á grundvelli samningsins, samtals að fjárhæð um 223 ma.kr.

Markmið sem sett voru í lánamálum í upphafi árs 2011 voru að sækja á erlenda lánsfjármarkaði m.a. til að byggja upp traust út á við. Það tókst, því að í júní 2011 gaf ríkissjóður út skuldabréf í Bandaríkjunum að fjárhæð 1 milljarður Bandaríkjadala. Lánið var gefið út til 5 ára og ber fasta vexti 4,99%. Kjörin jafngiltu 3,20% álagi á vexti á millibankamarkaði. Fjárfestar sýndu útgáfunni mikinn áhuga og nam eftirspurnin um 2 milljörðum Bandaríkjadala. Kaupendur voru aðallega fagfjárfestar frá Bandaríkjunum og Evrópu.

Bjóðist viðunandi kjör á erlendum mörkuðum verður stefnt að útgáfu á árinu 2012 sem hægt yrði að ráðstafa til þess að greiða niður tvíhliða lánin frá Norðurlöndunum, en þau á að endurgreiða á árunum 2014-2017.

**Ríkisábyrgðir og endurlán**

Kveðið er á um ríkisábyrgðir í lögum nr. 121/1997. Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum. Vegna

áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs, en hann hefur samkvæmt lögunum umsjón með veittum ríkisábyrgðum, skal fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ríkisábyrgð hvílir á.

Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Lántökur þessara aðila fara ekki með sama hætti í gegnum Ríkisábyrgðasjóð og þegar aðilar utan ríkisgeirans óska ríkisábyrgðar á tiltekið lán. Þó er aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs skylt að fá samþykki fjármálaráðherra á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis.

**Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs**

Helstu matsfyrirtækin sem meta lánshæfi ríkissjóðs eru Standard & Poor's, Moody's Investors Service og Fitch Ratings. Seðlabanki Íslands sinnir reglulegum samskiptum við fyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Matsfyrirtækin hafa mikil áhrif á lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði og er lánshæfismatið m.a. vísbending um þau vaxtakjör sem lántakandi mun njóta. Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 versnaði lánshæfismat ríkissjóðs til muna.

Lánshæfiseinkunnir Moody's fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs voru í árslok Baa3 og P-3 fyrir skammtímaskuldbindingar. Horfur voru neikvæðar. Lánshæfiseinkunnirnar teljast til fjárfestingarflokks hjá matsfyrirtækinu. Lánshæfismatið hélst óbreytt á árinu, en í febrúar gaf matsfyrirtækið til kynna að höfnun Icesave-samkomulagsins myndi að líkindum leiða til lækkunar lánshæfismats. Mat á framgangi efnahagsáætlunarinnar leiddi til þess að matsfyrirtækið komst að annarri niðurstöðu um möguleg áhrif atkvæðagreiðslunnar.

Lánshæfiseinkunnir ríkissjóðs hjá matsfyrirtækinu Standard & Poor's voru í lok árs BBB- fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar og A-3 fyrir erlendar og innlendar skammtímaskuldbindingar. Einkunnir Standard & Poor´s teljast til fjárfestingarflokks. Lánshæfiseinkunnirnar voru settar á athugunarlista í apríl með tilliti til lækkunar í kjölfar atkvæðagreiðslunnar um Icesave. Í maí var staðfest óbreytt mat að undanskildum innlendum langtímaskuldbindingum sem lækkaðar voru úr BBB í BBB-. Í nóvember var horfum á lánshæfismati breytt úr neikvæðum í stöðugar. Ástæðuna sagði matsfyrirtækið einkum vera þá að íslenskt efnahagslíf væri á batavegi.

Lánshæfiseinkunnir matsfyrirtækisins Fitch Ratings voru í árslok BB+ og BBB+ fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum og innlendum gjaldmiðli. Skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðli höfðu lánshæfiseinkunnina B. Einkunnir fyrir erlenda gjaldmiðla voru því í spákaupmennskuflokki hjá matsfyrirtækinu. Í áliti Fitch í kjölfar atkvæðagreiðslunnar um Icesave í apríl kom fram að niðurstaðan gæti tafið fyrir hækkun lánshæfismatsins í fjárfestingarflokk. Horfum á lánshæfismati var síðan breytt úr neikvæðum í stöðugar í maí. Í tilkynningu Fitch af því tilefni kom fram að ákvörðun fyrirtækisins fæli í sér endurmat á áhrifum þess að Icesave-samningnum var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu 9. apríl og væri fyrsta jákvæða matsbreytingin frá árinu 2006.

# VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands hefur miklum skyldum að gegna á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn á náið samstarf við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála.

**Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins lauk á árinu  og áttu sendinefndir frá sjóðnum viðræður við stjórnvöld um framgang áætlunarinnar. Auk þess fengu íslensk stjórnvöld tæknilega aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á sviði fjárlagagerðar, lausafjárstýringar, skattastefnu og tölfræðiupplýsinga.

Þrjár endurskoðanir á efnahagsáætlun stjórnvalda höfðu verið samþykktar í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fyrir árið 2011. Fjórða endurskoðun var samþykkt 10. janúar, fimmta endurskoðun 3. júní og sú sjötta og síðasta 26. ágúst. Við lok áætlunarinnar hafði öll lánsupphæðin, u.þ.b. 2,1 milljarður Bandaríkjadala (í árslok var höfuðstóll 265 milljarðar króna) verið afhentur íslenskum stjórnvöldum. Lánsfjárhæðin er í vörslu Seðlabanka Íslands. Endurgreiðsla lánsins hefst á árinu 2012 og verður það uppgreitt á árinu 2016.

Ádráttur á lánsheimildir frá Færeyjum, Póllandi og Norðurlöndum sem veittar voru samhliða efnahagsáætluninni nam að jafnvirði höfuðstóls samtals um 295,8 milljörðum króna í lok ársins. Allar skýrslur í tengslum við efnahagsáætlunina og lánafyrirgreiðslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru birtar á heimasíðu Seðlabanka Íslands.

Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington D.C. á árinu 2011 var Daninn Benny Andersen.

Fundir sjóðráðs og stjórnarnefndar sjóðsins eru haldnir í höfuðstöðvum sjóðsins í Washington D.C., vorfundur venjulega í apríl og ársfundur í september eða október. Í tengslum við þessa fundi eru greinargerðir skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltslanda hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum birtar á heimasíðu Seðlabankans. Í þeim er fjallað um þau málefni sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Einnig eru birt sameiginleg ávörp fulltrúa landanna átta á ársfundi sjóðsins og fundum stjórnarnefndarinnar.

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var haldinn 23. september og fundur stjórnarnefndar sjóðsins daginn eftir. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sótti fundina, en hann er fulltrúi Íslands í stjórnarnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ársfundarræða kjördæmis Norðurlanda og Eystrasaltslanda var flutt af Stefan Ingves seðlabankastjóra í Svíþjóð. Fulltrúi kjördæmisins í stjórnarnefndinni var að þessu sinni seðlabankastjóri Danmerkur, Nils Bernstein.

Íslensk stjórnvöld og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn héldu fjölsótta ráðstefnu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu 27. október þar sem

kunnir fræðimenn og fyrirlesarar fjölluðu um lærdóma af efnahagskreppunni og þær áskoranir sem íslenskt hagkerfi stendur frammi fyrir.

Í janúar samþykkti Alþingi breytingar á stofnskrá sjóðsins (lög nr. 5/2011) sem samþykktar voru árið 2008 af sjóðráði. Þær fela m.a. í sér breytingar á yfirstjórn og kvótavægi aðildarríkjanna. Enn frekari breytingar á stofnskrá voru samþykktar af sjóðráði árið 2010 og fólu þær m.a. í sér tvöföldun á kvóta til að mæta aukinni þörf fyrir fjárhagsaðstoð sjóðsins víða um heim. Kvóti Íslands mun hækka við breytinguna úr 117,6 milljónum SDR í 321,8 milljónir SDR. Alþingi samþykkti heimild til ríkisstjórnarinnar til að samþykkja stofnskrárbreytingar og hækkun á kvótaframlagi Íslands í janúar 2012.

## Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka og er upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika, auk þess að veita ýmiss konar bankaþjónustu fyrir seðlabanka. Seðlabankastjóri og aðrir starfsmenn Seðlabankans taka reglulega þátt í ýmsu starfi á vettvangi Alþjóðagreiðslubankans.





## Efnahags- og framfarastofnunin

Fulltrúar Seðlabanka Íslands tóku á árinu þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, m.a. í efnahagsstefnunefnd og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðsnefnd, og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa reglulega út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

## Samstarf við seðlabanka og fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands átti á árinu margvíslegt samstarf við aðra seðlabanka. Samstarf við seðlabanka á Norðurlöndum hefur löngum verið náið. Þá er reglubundið samstarf við Seðlabanka Evrópu og aðra evrópska seðlabanka sem hefur farið vaxandi. Einnig situr seðlabankastjóri reglulega fundi með seðlabankastjórum og yfirmönnum stofnana sem sjá um fjármálaeftirlit á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Jafnframt tekur Seðlabankinn þátt í Evrópusamstarfi um fjármálastöðugleika, á vegum Financial Stability Board (FSB), en það er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum.

## Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir.

# VII Sérstök verkefni

**Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)**

Í kjölfar bankahrunsins á Íslandi eignaðist Seðlabanki Íslands umtalsverðar kröfur á innlend fjármálafyrirtæki, sem tryggðar voru með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008, en Seðlabankinn veitti ríkissjóði ráðgjöf um meðferð þeirra krafna.

Í lok árs 2009 voru umræddar eignir fluttar í sérstakt dótturfélag Seðlabankans sem ber heitið Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., er rekstrarfélag sem hefur það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í ESÍ og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfa, með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi hefur náðst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og hefðbundinni starfsemi Seðlabankans.

Í stjórn ESÍ og Sölvhóls ehf. hafa frá upphafi verið Már Guðmundsson, stjórnarformaður, Sigríður Logadóttir, meðstjórnandi, og Sturla Pálsson, meðstjórnandi.

Á árinu 2011 náðist samkomulag við mikinn hluta þeirra slitastjórna sem fara með stjórn þeirra fyrirtækja sem ESÍ á kröfur á. Í kjölfarið hefur ESÍ fullnustað veð auk þess að eiga almenna kröfu á fyrirtækin. Á árinu 2011 tók ESÍ yfir Hildu hf. sem varð þá dótturfélag ESÍ. Í lok árs 2011 nam efnahagur ESÍ 340,3 ma.kr. og var 21% af heildarefnahag Seðlabankans. Eignir ESÍ höfðu lækkað um 56 ma.kr. frá því í lok árs 2010 eða um tæp 14,1% sem að mestu leyti má rekja til innheimtu eigna og niðurgreiðslu skulda gagnvart Seðlabankanum. Hagnaður félagsins nam 3,0 ma.kr. eftir skatta.

**Gjaldeyriseftirlit**

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands var formlega sett á fót sem sérstök deild innan Seðlabankans í september 2009. Meginverkefni gjaldeyriseftirlitsins á árinu 2011 voru almennt eftirlit með lögum og reglum um gjaldeyrismál, rannsókn meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál, afgreiðsla og ákvarðanataka vegna beiðna um undanþágur frá lögum og reglum um gjaldeyrismál, endurskoðun reglna um gjaldeyrismál og almennt leiðbeiningar- og upplýsingahlutverk gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Rétt er að taka fram að hinn 29. september 2011 voru reglur nr. 370/2010, um gjaldeyrismál, lögfestar með lögum nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og lögum um Seðlabanka Íslands.

Á árinu 2011 vísaði Seðlabankinn 12 málum til lögreglu vegna gruns um meiri háttar brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál, en þar af var eitt mál endursent til frekari yfirferðar gjaldeyriseftirlitsins. Þá voru 13 mál tekin til rannsóknar innan gjaldeyriseftirlitsins. Merkjanlega hefur dregið úr fjölda nýrra mála sem upp hafa komið við eftirlit með framkvæmd laga um gjaldeyrismál.

Gjaldeyriseftirliti Seðlabankans barst 971 beiðni um undanþágu frá lögum og reglum um gjaldeyrismál á árinu 2011. Á árinu var 946

beiðnum lokið, þar af voru 688 samþykktar, 112 hafnað, 23 samþykktar að hluta og 123 var lokið með öðrum hætti, þær afturkallaðar eða lokið með leiðbeiningum. Á árinu bárust Seðlabankanum 159 tilkynningar um nýfjárfestingu, sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, en heildarfjárhæð þeirra var 19,8 milljarðar króna.

**Umsókn um aðild að ESB**

Á árinu 2011 var unnin í Seðlabankanum rýnivinna og annar undirbúningur vegna samningaviðræðna við ESB. Einkum var fjallað um gjaldmiðilsmál og annað efni tengt 17. kafla viðræðnanna, en sá kafli fjallar um löggjöf Evrópusambandsins á sviði efnahags- og peningamála. Seðlabankastjóri er formaður samningahóps um gjaldmiðilsmál í ESB-viðræðum og situr í aðalsamninganefnd.

**Þjóðhátíðarsjóður**

Á árinu 2010 var síðasta almenna úthlutun Þjóðhátíðarsjóðs. Frá þeim tíma mun sjóðurinn starfa áfram í tvö ár við að greiða út þegar veitta styrki. Stjórn sjóðsins mun eftir það ráðstafa því fé sem þá kann að verða eftir í samræmi við tilgang hans. Þegar lokauppgjör sjóðsins hefur farið fram lýkur starfsemi sjóðsins.



# VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

## Reikningsskil Seðlabanka Íslands

Í 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands fari eftir lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju og að ráðherra setji nánari reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabankans. Núgildandi reglur voru settar árið 2005. Uppgjör ársreikningsins nú byggist því á sömu grundvallarreglum og uppgjörið árið 2010. Lítils háttar breytingar hafa þó verið gerðar á framsetningu einstakra liða og er gerð grein fyrir þeim í skýringum við samstæðureikninginn sem birtur er síðar í þessari skýrslu.

## Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2011 að fjárhæð 14.398 milljónir króna en til samanburðar var tap árið á undan 13.499 milljónir króna. Að gengismun og tekjuskatti slepptum varð 11.539 milljóna króna hagnaður af rekstri Seðlabankans á árinu 2011 samanborið við 5.697 milljóna króna tap á árinu 2010. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans. Framlag bankans til ríkissjóðs var 3.464 milljónir króna vegna starfsemi bankans á árinu 2011. Gengishagnaður á árinu 2011 var alls 7.471 milljón króna.

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2011* | *2010* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Afkoma ársins | 14.398 | (13.499) | 27.897 |
| *Breyting greinist þannig:* | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 33.531 | 12.760 | 20.771 |
| Aðrar tekjur | 5.086 | 4.870 | 266 |
| Rekstrargjöld | (3.171) | (2.047) | 1.123 |
| Afskrift útlána | (23.907) | (21.280) | 2.627 |
| Framlag í ríkissjóð | (3.464) | 0 | 3.464 |
| Gengismunur | 7.471 | (6.933) | 14.404 |
| Tekjuskattur | (1.148) | (869) | 279 |

Eins og fram kemur í töflunni var jákvæð breyting á afkomu bankans um 27.897 milljónir miðað við árið á undan. Hreinar vaxtatekjur hækkuðu um 20.771 milljón króna sem skýrist einkum af hækkun á vaxtatekjum af verðtryggðum bréfum og öðrum innlendum eignum um 14.600 milljónir og lækkun greiddra vaxta vegna viðskiptareikninga um 13.960 milljónir. Aðrar rekstrartekjur bankans hækkuðu um 266 milljónir króna sem skýrist einkum af auknum þjónustutekjum vegna tekna af greiðslumiðlun sem skapast hjá dótturfélagi Seðlabanka Íslands. Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum jókst um 1.385 milljónir króna á milli ára og er hluti af þeim hagnaði tilkominn vegna losunar gjaldeyrishafta. Verðendurmat gulls nam 881 milljón króna samanborið við 2.565 milljónir króna á árinu 2010. Rekstrargjöld bankans hækkuðu milli ára um 1.123 milljónir króna sem skýrist einkum af auknum kostnaði vegna rekstrar á eignum og lausafjármunum hjá dótturfélagi bankans. Þá var myntslátta og seðlaprentun á árinu en ekki á árinu 2010. Laun og launatengd gjöld jukust um 283 milljónir króna sem skýrist einkum af kjarasamningsbundnum hækkunum og auknum starfsmannafjölda. Eignir bankans námu alls 1.581 milljarði króna í árslok 2011 en voru til samanburðar 1.278 milljarðar króna í lok ársins 2010. Erlendar eignir hækkuðu á árinu um 323 milljarða króna. Raunaukning forðans var fjármögnuð með lántökum og innlánum, annars vegar láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nam 265 milljörðum króna á árslokagengi og hins vegar láni frá Noregi sem nam samtals 76 milljörðum króna á árslokagengi. Lánin frá Norðurlöndunum eru annars vegar veitt ríkissjóði sem leggur síðan andvirðið inn á reikninga í Seðlabankanum og eykur þannig við gjaldeyrisforð-

ann og hins vegar bein lántaka Seðlabankans. Innlán í formi erlendra innstæðna frá ríkissjóði, fjármálastofnunum og fjármálastofnunum í slitameðferð jukust um 272 milljarða króna milli ára.

Í árslok 2011 námu erlendar eignir bankans um 67% af heildareignum. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 50% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

**Bankaráð Seðlabanka Íslands**

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands, sem kosið er af Alþingi að loknum hverjum Alþingiskosningum, skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráðið var þannig skipað á árinu að formaður var Lára V. Júlíusdóttir, en aðrir aðalfulltrúar voru Ragnar Arnalds, Björn Herbert Guðbjörnsson, Hildur Traustadóttir, Ragnar Árnason, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Daniel Gros.

**Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri**

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra, en hann var skipaður til fimm ára frá og með 20. ágúst 2009. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra, en hann var skipaður til fjögurra ára frá og með 1. júlí 2009.

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

| *(Tölur í milljónum kr.)* | *2011* | *2010* | *Breyting* |
|---|---|---|---|
| Eigið fé: | 83.777 | 69.379 | 14.398 |
| Breyting greinist þannig: | | | |
| Eignir: | | | |
| Gulleign | 12.249 | 10.426 | 1.822 |
| Erlendar eignir | 1.044.516 | 721.060 | 323.456 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 3.525 | 3.322 | 203 |
| Innlendar fjáreignir | 502.332 | 535.896 | (33.563) |
| Fastafjármunir og lausafjármunir | 4.891 | 4.997 | (107) |
| Aðrar eignir | 13.198 | 1.920 | 11.278 |
| Skuldir: | | | |
| Seðlar og mynt | 43.205 | 38.269 | 4.935 |
| Erlendar skuldir | 341.604 | 193.238 | 148.366 |
| Mótvirði við AGS | 21.141 | 19.971 | 1.170 |
| Innstæður fjármálastofnana | 61.997 | 98.017 | (36.020) |
| Aðrar innstæður | 919.729 | 673.176 | 246.553 |
| Innlendar fjárskuldir | 85.914 | 182.791 | (96.877) |
| Aðrar skuldir | 19.880 | 2.780 | 17.100 |
| Ógreitt framlag til ríkissjóðs | 3.464 | | 3.464 |
| Eigið fé bankans | 83.777 | 69.379 | 14.398 |

**Skipulag bankans**

Starfsemi bankans skiptist í sjö meginsvið. Skrifstofa bankastjóra tilheyrir ekki meginsviðum bankans en hún annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Lögfræðingar á skrifstofu bankastjóra veita bankastjóra, sviðum og deildum bankans lögfræðiráðgjöf um málefni sem snerta hlutverk bankans og starfsemi hans. Þeir taka þátt í undirbúningi laga og reglna og gerð lögfræðiálita, annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerninga og lánasamninga. Safnadeild heyrir undir skrifstofu bankastjóra og annast bókasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns.

Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrismál sé framfylgt. Ennfremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjaldeyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá reglum um gjaldeyrishömlur. Þá hefur gjaldeyriseftirlitið heimildir til að rannsaka meint brot á lögum og reglum um gjaldeyrismál.

Alþjóða- og markaðssvið annast umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða bankans ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og Endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Fjárhagssvið hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og dótturfélaga hans ásamt því að sjá um bókhald sjóðs Þjóðhátíðargjafar

Norðmanna og Grænlandssjóðs sem er í vörslu bankans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfaviðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær deildir, reikningshald og bakvinnslu.

Á árinu var fjármálasviði skipt upp í tvö svið, fjármálastöðugleikasvið og greiðslukerfasvið. Hlutverk greiðslukerfasviðs er að stuðla að öryggi og skilvirkni þýðingarmikilla greiðslukerfa, annast útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf.

Meginviðfangsefni fjármálastöðugleikasviðs eru greining á áhættu í fjármálakerfinu og þátttaka í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Jafnframt hefur sviðið lagt aukna áherslu á greiningu á stöðu heimila og fyrirtækja. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á skýrslunni *Fjármálastöðugleiki*.

Hagfræðisvið annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála, Hagvísa, Working Papers, Efnahagsmála* og *Economy of Iceland.* Hagfræðisvið skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Rekstrarsvið annast rekstur og umsýslu eigna og lausafjármuna bankans, öryggismál, innkaup, gerð rekstraráætlana og útgjaldaeftirlit. Sviðið annast einnig starfsmannahald bankans og launamál og undir það heyra ýmis viðfangsefni sem lúta að innanhússþjónustu. Þá sér sviðið um skjalahald bankans og upplýsingatækniþjónustu.

Upplýsingasvið annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Auk þess er lánastofnunum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Allt efni Hagtalnanna er einnig aðgengilegt á ensku. Upplýsingasvið skiptist í þrjár einingar, þ.e. fjármálafyrirtæki, greiðslujöfnuð og markaði.

**Starfslið**

Í upphafi árs 2011 voru 145 starfsmenn í starfsliði bankans. Í lok árs 2011 voru starfsmenn 148. Innan ársins voru 22 starfsmenn ráðnir til starfa en 19 létu af störfum. Sumarstarfsmenn á árinu 2011 voru 9. Kynjahlutföll starfsliðs bankans hafa haldist nokkuð jöfn innan ársins, í upphafi árs voru 69 karlar og 76 konur í starfsliði bankans. Í lok árs var skiptingin 73 karlar og 75 konur. Í bankanum eru starfandi

9 framkvæmdastjórar, 4 konur og 5 karlar. Starfsmenn dótturfélaga Seðlabanka Íslands voru í árslok 13, þar af 10 hjá Greiðsluveitunni ehf. og 3 hjá Sölvhóli ehf.

Af þeim 19 starfsmönnum sem létu af störfum á árinu voru fjórir starfsmenn sem fóru á eftirlaun. Það voru Ingvar A. Sigfússon, rekstrarsviði, eftir rúmlega 38 ára starf, Ísólfur Sigurðsson, fjárhagssviði, eftir rúmlega 35 ára starf, Garðar Halldórsson, rekstrarsviði, eftir 30 ára starf og Þórey Þórarinsdóttir eftir rúmlega 39 ára starf.

Á árinu 2011 voru gerðar nokkrar breytingar á skipuriti bankans. Fjármálasvið var lagt niður en þess í stað sett á stofn tvö ný svið, fjármálastöðugleikasvið og greiðslukerfasvið. Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, lét af störfum hjá bankanum á árinu. Sigríður Benediktsdóttir, aðstoðarmaður deildarforseta við hagfræðideild Yale háskóla í Bandaríkjunum var ráðin í hans stað frá og með 1. janúar 2012. Harpa Jónsdóttir var ráðin aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs og gegndi starfi framkvæmdastjóra eftir að Tryggvi lét af störfum. Guðmundur Kr. Tómasson, fyrrum aðstoðarframkvæmdastjóri fjármálasviðs, var ráðinn nýr framkvæmdastjóri greiðslukerfasviðs. Á árinu var heiti rekstrarsviðs breytt í rekstrar- og starfsmannasvið. Ennfremur varð sú breyting á skipuriti bankans að starfsmenn upplýsingatækniþjónustu fluttust af upplýsingasviði yfir á rekstrar- og starfsmannasvið. Í stað Ingvars A. Sigfússonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs, sem lét af störfum vegna aldurs, var ráðin Ásta H. Bragadóttir. Á alþjóða- og markaðssviði var sú breyting gerð að sviðinu var skipt upp í 3 einingar og ráðnir 3 nýir forstöðumenn. Gerður Ísberg var ráðin forstöðumaður markaðsviðskipta en hún gegndi og gegnir áfram stöðu staðgengils framkvæmdastjóra sviðsins. Freyr Hermannsson var ráðinn forstöðumaður erlendra viðskipta og Björgvin Sighvatsson forstöðumaður lánamála ríkissjóðs. Salome R. Birgisdóttir var ráðin forstöðumaður bakvinnslu á fjárhagssviði.

Eiríkur Guðnason, fyrrverandi seðlabankastjóri, lést á árinu 2011. Hann hafði starfað í bankanum í fjóra áratugi þegar hann lét af störfum á árinu 2009, þar á meðal sem aðalhagfræðingur, aðstoðarbankastjóri og svo bankastjóri frá árinu 1994. Eiríkur hélt góðu sambandi við starfsfólk bankans eftir að hann lét af störfum og hélt m.a. eftirminnilega ræðu á 50 ára afmæliskvöldverði bankans í apríl 2011.

**Kjarasamningar**

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi samtakanna og Seðlabankans.

**Jafnréttisstefna**

Bankastjórn staðfesti jafnréttisáætlun fyrir bankann í fyrsta sinn árið 1996. Á grundvelli hennar hefur jafnréttisnefnd starfað í bankanum frá þeim tíma. Jafnréttisáætlunin hefur verið endurnýjuð reglulega, síðast 2007, og um leið var staðfest jafnréttisstefna.

# Stjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2011

## Bankaráð

*Aðalmenn*

Lára V. Júlíusdóttir, formaður
Ragnar Arnalds, varaformaður
Björn Herbert Guðbjörnsson
Hildur Traustadóttir
Ragnar Árnason
Katrín Olga Jóhannesdóttir
Daníel Gros

*Varamenn*

Margrét Kristmannsdóttir
Anna Ólafsdóttir Björnsson
Sigrún Elsa Smáradóttir
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Birgir Þór Runólfsson
Ingibjörg Ingvadóttir
Friðrik Már Baldursson

## Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

## Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson

*Yfirmenn*

| | |
|---|---|
| Alþjóða- og markaðssvið: | Sigurður Sturla Pálsson framkvæmdastjóri |
| Fjárhagssvið: | Kristín Hannesdóttir framkvæmdastjóri |
| Fjármálastöðugleikasvið: | Harpa Jónsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri |
| Gjaldeyriseftirlit: | Ingibjörg Guðbjartsdóttir framkvæmdastjóri |
| Greiðslukerfasvið: | Guðmundur K. Tómasson framkvæmdastjóri |
| Hagfræðisvið: | Þórarinn G. Pétursson aðalhagfræðingur |
| Lögfræðingar: | Sigríður Logadóttir aðallögfræðingur |
| Rekstrar- og starfsmannasvið: | Ásta H. Bragadóttir framkvæmdastjóri |
| Skrifstofa bankastjóra: | Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri |
| Upplýsingasvið: | Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri |

*Dótturfélög*

| | |
|---|---|
| Greiðsluveitan ehf.: | Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri |
| Sölvhóll ehf. (ESÍ): | Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri |



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR 2011

## *Áritun óháðra endurskoðenda*

*Til bankaráðs og bankastjórnar Seðlabanka Íslands*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2011. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

*Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum*

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

*Ábyrgð endurskoðenda*

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Seðlabanka Íslands sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Seðlabanka Íslands. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2011, efnahag hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

Kópavogur, 22. mars 2012

Deloitte ehf.

| | |
|---|---|
| Benóní Torfi Eggertsson<br>endurskoðandi | Jón Rafn Ragnarsson<br>endurskoðandi |

## Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. mars 2012





### Áritun bankaráðs

*Lára V. Júlíusdóttir*
*formaður*

*Ragnar Arnalds*
*Hildur Traustadóttir*
*Katrín Olga Jóhannesdóttir*

*Björn Herbert Guðbjörnsson*
*Ragnar Árnason*
*Ingibjörg Ingvadóttir*

### Áritun seðlabankastjóra

*Már Guðmundsson*

## Staðfesting efnahags- og viðskiptaráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 29. mars 2012

*Steingrímur J. Sigfússon*

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | *Skýringar* | *2011* | *2010* |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Af innlendum eignum | | 49.694.764 | 37.958.088 |
| Af erlendum eignum | | 11.658.597 | 11.125.305 |
| | 1 | 61.353.362 | 49.083.393 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Af innlendum skuldum | | 17.061.232 | 27.783.299 |
| Af erlendum skuldum | | 10.761.361 | 8.540.466 |
| | 2 | 27.822.593 | 36.323.765 |
| Hreinar vaxtatekjur | | 33.530.769 | 12.759.628 |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | | |
| Þjónustutekjur | 3 | 1.201.897 | 380.656 |
| Þjónustugjöld | 4 | (299.542) | (249.087) |
| Tekjur af hlutafjáreign | 5 | 60.697 | 137.185 |
| Verðendurmat erlendra verðbréfa og láns | 6 | 1.155.346 | 975.851 |
| Verðendurmat gulleignar | 7 | 881.405 | 2.564.501 |
| Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum | 8 | 2.086.187 | 727.842 |
| Hagnaður af sölu kerfa | | | 186.760 |
| Endurmat á Greiðsluveitunni | 9 | | 146.625 |
| | | 5.085.990 | 4.870.333 |
| Hreinar rekstrartekjur | | 38.616.758 | 17.629.961 |
| **Önnur rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 10 | 1.599.320 | 1.316.123 |
| Annar rekstrarkostnaður | 11 | 1.196.870 | 642.847 |
| Kostnaður af seðlum og mynt | 12 | 218.560 | 9.886 |
| Afskriftir fastafjármuna | 27 | 155.981 | 78.642 |
| Virðisrýrnun krafna | 13 | 23.906.948 | 21.279.537 |
| | | 27.077.680 | 23.327.035 |
| Hagnaður (tap) ársins án gengismunar | | 11.539.079 | (5.697.074) |
| Tekjuskattur | 15 | (1.148.005) | (868.785) |
| Hagnaður (tap) án framlags | | 10.391.074 | (6.565.859) |
| Framlag í ríkissjóð | 16 | (3.463.692) | |
| Gengismunur | 14 | 7.470.603 | (6.933.007) |
| Hagnaður (tap) ársins | | 14.397.984 | (13.498.866) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2011

| Eignir | *Skýringar* | *2011* | *2010* |
|---|---|---|---|
| Gulleign | 17 | 12.248.658 | 10.426.358 |
| Erlendar eignir | 18-21 | 1.044.515.699 | 721.059.761 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 22 | 3.525.215 | 3.321.985 |
| Innlendar fjáreignir | 23-26 | 502.332.405 | 527.298.685 |
| Varanlegir rekstarfjármunir | 27 | 4.890.746 | 4.997.336 |
| Tekjuskattsinneign | 28 | 5.062.286 | 1.200.000 |
| Aðrar eignir | 29 | 8.135.768 | 9.317.391 |
| | | 1.580.710.777 | 1.277.621.517 |





| Skuldir og eigið fé | | | |
|---|---|---|---|
| Seðlar og mynt | 31 | 43.204.646 | 38.269.478 |
| Erlendar skuldir | 32, 33 | 341.603.677 | 193.237.741 |
| Mótvirði við AGS | 22 | 21.140.864 | 19.970.893 |
| Innstæður fjármálastofnana | 34 | 61.997.455 | 98.017.286 |
| Aðrar innstæður | 35 | 919.729.302 | 673.176.272 |
| Innlendar fjárskuldir | 36 | 85.914.469 | 182.791.137 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 28 | 5.348 | 9.070 |
| Lífeyrisskuldbinding | 37 | 321.113 | 322.222 |
| Aðrar skuldir | 38 | 19.553.069 | 2.448.259 |
| Ógreitt framlag til ríkissjóðs | 16 | 3.463.692 | |
| | | 1.496.933.635 | 1.208.242.358 |
| Stofnfé | | 57.501.000 | 57.501.000 |
| Endurmat fasteigna og lausafjármuna | | 4.501.922 | 4.554.388 |
| Annað eigið fé | 39 | 21.774.221 | 7.323.770 |
| | | 83.777.143 | 69.379.158 |
| | | 1.580.710.777 | 1.277.621.517 |

| | |
|---|---|
| Eignir og skuldir utan efnahags | 40 |
| Dótturfélög | 30 |
| Áhættustýring | 41-48 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| REKSTRARHREYFINGAR: | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 14.397.984 | (13.498.866) |
| *Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé:* | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 155.981 | 78.642 |
| Gengismunur eigna og skulda | 24.736.899 | (27.868.907) |
| Gengismunur af sjóðsstöðu | (32.207.501) | 28.512.530 |
| Ýmsar matsbreytingar eigna og skulda | (34.912.945) | (16.956.535) |
| Virðisrýrnun krafna | 23.906.948 | 21.279.538 |
| Frestaður tekjuskattur | (3.866.007) | (1.199.586) |
| *Breyting rekstrartengdra eigna og skulda* | 25.994.898 | 3.756.863 |
| | 18.206.257 | (5.896.322) |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:** | | |
| Lán gegn veði og daglán, lækkun (hækkun) | 41.819.956 | (30.892.332) |
| Lán til innlendra aðila í erlendum gjaldmiðlum | | (1.470.518) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (53.026) | (25.886) |
| Seldir rekstrarfjármunir | 4.000 | |
| Seld hlutabréf | 4.964.132 | |
| Keypt ríkisbréf | (18.518.856) | |
| Keypt verðbréf | (57.785.246) | (59.848.119) |
| Seld verðbréf | 66.305.337 | |
| Afborganir af verðbréfum o.fl. | 70.393.197 | 86.332.795 |
| Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða | (178.191.076) | (99.051.514) |
| Seld verðbréf í gjaldeyrisforða | 136.324.418 | 77.485.490 |
| Hlutafjáraukning | | (188.240) |
| Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga | 226.057 | (1.424.573) |
| | 68.300.957 | (29.082.897) |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:** | | |
| Seðlar og mynt í umferð, hækkun | 4.935.168 | 9.311.800 |
| Tekið lán hjá AGS | 96.303.980 | 38.930.335 |
| Tekin lán hjá seðlabönkum Norðurlanda | 38.121.600 | 25.009.110 |
| Tekin önnur lán | (58.373) | 6.739.897 |
| Innstæðubréf, hækkun | 13.063.339 | 28.483.775 |
| Bundin innlán ríkissjóðs, (lækkun) | (98.854.554) | (6.500.000) |
| Afborgun lána ríkissjóðs vegna forðaaukningar | (11.000.011) | (32.643.000) |
| Gjaldeyrisinnstæður, hækkun | 245.224.831 | 107.480.036 |
| Innstæður innlánsstofnana, (lækkun) | (27.085.115) | (30.197.579) |
| Innstæður annarra aðila o.fl. (lækkun) hækkun | (63.233.952) | 5.591.544 |
| Innstæður ríkissjóðs, hækkun | 11.627.680 | 102.164.719 |
| | 210.275.886 | 254.370.637 |
| **BREYTING Á HANDBÆRU FÉ:** | | |
| Hækkun á erlendum bankainnstæðum | 293.971.035 | 220.718.909 |
| Gengismunur erlendra bankainnstæðna | 32.207.501 | (28.512.530) |
| Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun | 433.260.412 | 241.054.034 |
| Erlendar bankainnstæður í árslok | 759.438.947 | 433.260.412 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir



### Grundvöllur reikningsskilanna

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands, nr. 1088/2005.

### Mat og ákvarðanir

- Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, veita upplýsingar í skýringum um tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

- Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

- Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélag hefur ákvörðunarvald um rekstur og fjárhagslega stjórn dótturfélaga.

  Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100% er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu. Þar sem hlutdeild minnihluta nemur óverulegum fjárhæðum er hún ekki sýnd sérstaklega í ársreikningnum.

  Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi.

  Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

### Eignarhlutir í dótturfélögum

- Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### Erlendir gjaldmiðlar

- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands í árslok 2011. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

| | *Meðalgengi ársins* | | *Árslokagengi* | |
|---|---|---|---|---|
| | *2011* | *2010* | *2011* | *2010* |
| Evra (EUR) | 161,42 | 161,89 | 158,84 | 153,80 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 116,07 | 122,04 | 122,71 | 115,26 |
| Sterlingspund (GBP) | 186,00 | 188,55 | 189,43 | 178,47 |
| Kanadadalur (CAD) | 117,31 | 118,46 | 120,21 | 115,26 |
| Dönsk króna (DKK) | 21,67 | 21,74 | 21,37 | 20,64 |
| Norsk króna (NOK) | 20,70 | 20,21 | 20,40 | 19,67 |
| Sænsk króna (SEK) | 17,88 | 16,96 | 17,79 | 17,16 |
| Svissneskur franki (CHF) | 131,20 | 117,24 | 130,66 | 122,91 |
| Japanskt jen (JPY) | 1,46 | 1,39 | 1,59 | 1,41 |
| Pólskt slot (PLN) | 39,25 | 40,54 | 35,78 | 38,85 |

Verðtryggðar eignir og skuldir

- Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2011 og er miðað við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2012 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2011. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.

Verðbréf

- Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð á markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning. Matsbreytingar eru mismunur á markaðsverði verðbréfa og bókfærðu verði þeirra og er þá yfir- og undirverði á kaupdegi dreift á líftíma verðbréfa miðað við jafna dreifingu sem svipar til virkra vaxta.

Skráning tekna og gjalda

- Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast ennfremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.

Seðlar og mynt

- Seðlar og mynt í umferð eru skráð á nafnvirði. Upphæðin er fengin með því að draga frá virði seðla og myntar sem Seðlabanki Íslands fær frá framleiðendum, bæði virði seðla og myntar sem eru í fjárhirslu og virði seðla og myntar sem Seðlabanki Íslands hefur eytt. Breytingin er færð til gjalda í rekstrarreikning.
- Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.

Skattamál

- Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.
- Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.
- Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

- Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir til eignar á árinu 2005 miðað við matsverð í lok þess árs. Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eign muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir, að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.
- Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði/endurmatsverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.
- Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Gulleign

- Gull í gjaldeyrisforða bankans er skráð á markaðsverði í Bandaríkjadölum og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

### Skuldbindingar

- Skuldbinding er færð upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

### Afleiðusamningar

- Afleiður eru skráðar eftir því annars vegar hvort afleiðan sé skráð í gjaldeyrisforða, þ.e. við erlendan aðila, hvort afleiðan sé mjög seljanleg og gerð upp og skráð í erlendri mynt. Hins vegar allar aðrar afleiður, svo sem afleiður við innlenda aðila eða afleiður sem innihalda innlendan gjaldmiðil.
- Virði afleiðna er skráð sem nettó verðmæti. Nettó merkir eignir að frádregnum skuldbindingum.
- Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti (FX forward) eru skráðir miðað við framvirkan höfuðstól sem margfaldaður er með muninum á milli uppgjörsgengis og gengis á viðskiptadegi (stundargengi). Munurinn á milli gengis á viðskiptadegi og samningsgengis er færður í gegnum rekstur.
- Framvirkir skiptasamningar um gjaldeyrisviðskipti (FX Swap) eru bókaðir annars vegar sem stundarleggur og hins vegar sem framvirkur leggur. Stundarleggur er bókfærður eins og stundarviðskipti (FX spot) og framvirkur leggur er bókaður eins og framvirkir samningar.
- Hagnaður framvirkra samninga og skiptasamninga um gjaldeyrisviðskipti bókfærist sem gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum.

# Skýringar með samstæðureikningi 2011

## Vaxtatekjur

1. Vaxtatekjur greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| *Vaxtatekjur af innlendum eignum:* | | |
| Vaxtatekjur af daglánum | 34.780 | 131.905 |
| Vaxtatekjur af veðlánum | 367.580 | 1.497.751 |
| Vaxtatekjur af markaðsbréfum | 1.399.936 | 3.035.864 |
| Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum | 27.216.384 | 21.732.489 |
| Vaxtatekjur af öðrum innlendum eignum | 20.676.085 | 11.560.078 |
| | 49.694.764 | 37.958.088 |
| *Vaxtatekjur af erlendum eignum:* | | |
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 3.638.320 | 1.402.235 |
| Vaxtatekjur af verðbréfum | 6.469.776 | 9.693.957 |
| Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum | 1.550.501 | 29.113 |
| | 11.658.597 | 11.125.305 |

- Vaxtatekjur af daglánum lækkuðu úr 132 m.kr. árið 2010 í 35 m.kr. árið 2011 eða um 74%. Veitt voru 90 daglán á árinu 2011 samtals að fjárhæð 135 ma.kr. Veitt voru 288 daglán á árinu 2010 að fjárhæð 378 ma.kr. Meðalvaxtaprósenta árið 2011 var 5,42% samanborið við 9,15% árið 2010.

- Vaxtatekjur af veðlánum lækkuðu um 75% á árinu aðallega vegna lægri höfuðstóls, engin veðlán voru útistandandi í árslok 2011. Meðalvaxtaprósenta árið 2011 var 7,77% samanborið við 4,44% árið 2010. Veitt voru 49 veðlán á árinu 2011 að fjárhæð 298 ma.kr. Veitt voru 115 veðlán á árinu 2010 að fjárhæð 676 ma.kr.

- Vaxtatekjur af markaðsbréfum lækkuðu úr 3,0 ma.kr. í 1,4 ma.kr. eða um 54%. Ástæða þess er kaup og sala á markaðsverðbréfum á árinu 2010.

- Vaxtatekjur af verðtryggðum verðbréfum hækkuðu um 5,5 ma.kr. milli ára. Verðbætur vegna verðtryggðra bréfa eru bókfærðar sem vaxtatekjur. Hækkun neysluverðsvísitölu var 4,0% árið 2011 og verðbótatekjur 14 ma.kr. en hækkunin var 5,4% árið 2010 og verðbótatekjur 7,8 ma.kr.

- Vaxtatekjur af erlendum bankareikningum hækkuðu um 160% eða um 2,2 ma.kr. Bankainnstæður hækkuðu um 60% milli ára sem skýrist einkum vegna aukningar á gjaldeyrisforða með lántökum og innstæðum í erlendum gjaldmiðlum hjá ríki, fjármálastofnunum og fjármálastofnunum í slitameðferð.

- Vaxtatekjur af erlendum verðbréfum lækkuðu um 33% eða um 3,2 ma.kr. Ástæða þess eru lægri vextir af bréfunum, meðalvextir vegna erlendra verðbréfa 2011 voru 3,47% en 5,42% 2010.

- Vaxtatekjur af öðrum erlendum eignum hækkuðu um 1,5 ma.kr. Hækkunina má rekja til vaxtatekna sem bankinn hefur af afleiðum sem hann notar til að stýra gjaldeyrisjöfnuði og sem vörn á móti öðrum stöðum í efnahagsreikningi bankans.

## Vaxtagjöld

2. Vaxtagjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| *Vaxtagjöld af innlendum skuldum:* | | |
| Vaxtagjöld af innstæðubréfum | 3.653.120 | 5.066.426 |
| Vaxtagjöld af viðskiptareikningum | 2.946.225 | 8.550.151 |
| Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs | 4.628.446 | 12.984.895 |
| Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum | 3.340.578 | 1.181.827 |
| Vaxtagjöld af öðrum innlendum skuldum | 2.492.862 | |
| | 17.061.232 | 27.783.299 |
| *Vaxtagjöld af erlendum skuldum:* | | |
| Vaxtagjöld af stöðu við AGS | 1.311.568 | 310.084 |
| Vaxtagjöld vegna erlendrar lántöku ríkissjóðs | 2.367.076 | 5.131.075 |
| Vaxtagjöld af erlendum lánum | 7.082.717 | 3.099.307 |
| | 10.761.361 | 8.540.466 |

- Vaxtagjöld af innstæðubréfum lækkuðu um 1,4 ma.kr. eða 28%. Meðalstaða innstæðubréfa á árinu 2011 var 86,9 ma.kr. samanborið við 66,6 ma.kr. árið 2010. Meðalvaxtaprósenta árið 2011 var 4,0% samanborið við 7,3% árið 2010.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum lækkuðu um 5,6 ma.kr. eða um 66%. Staða viðskiptareikninga lækkaði milli ára um 47 ma.kr. eða um 51%. Meðalvextir á viðskiptareikningum fóru úr 6,3% í 3,4%.
- Vaxtagjöld af viðskiptareikningum ríkissjóðs lækkuðu um 8,4 ma.kr. eða um 64%. Staða viðskiptareikninga ríkissjóðs lækkaði um 13,5 ma.kr. eða um 10,3%. Meðalvextir fóru úr 6,3% í 3,4%.
- Vaxtagjöld af gjaldeyrisreikningum hækkuðu um 2,2 ma.kr. Hækkunina má einkum skýra með aukningu milli ára um 58% á innstæðum ríkis, fjármálastofnana og fjármálastofnana í slitameðferð í erlendum gjaldmiðlum.
- Vaxtagjöld af stöðu við AGS hækkuðu um 1 ma.kr. Ástæða þess er að búið er að draga að fullu á lánafyrirgreiðslu við AGS.
- Vaxtagjöld vegna erlendrar lántöku ríkissjóðs lækkuðu um 2,8 ma.kr. eða 54%. Ástæða þess er uppgreiðsla á lánum á árinu.

## Þjónustutekjur

3. Þjónustutekjur greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Tekjur af greiðslumiðlun | 993.040 | 219.932 |
| Tekjur af gjaldeyrismiðlun | 3.333 | 3.469 |
| Tekjur af þjónustu við ríkissjóð vegna markaðsviðskipta | 102.011 | 97.000 |
| Aðrar þjónustutekjur | 103.513 | 60.255 |
| | 1.201.897 | 380.656 |

- Þjónustutekjur jukust um 821 m.kr. samanborið við árið á undan. Helsta ástæða þess eru tekjur af greiðslumiðlun sem skapast hjá dótturfélagi Seðlabanka Íslands. Í árslok 2010 eignaðist Seðlabanki Íslands Greiðsluveituna ehf., sjá skýringu nr. 30.





## Þjónustugjöld

4. Þjónustugjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Gjöld af greiðslumiðlun | 47.900 | 51.782 |
| Gjöld vegna gjaldeyrisútboðs | 55.696 | |
| Gjöld af lántöku | 47.475 | 65.900 |
| Önnur þjónustugjöld | 148.470 | 131.405 |
| | 299.542 | 249.087 |

- Á árinu féllu til gjöld vegna gjaldeyrisútboðs í tengslum við áætlun um afléttingu gjaldeyrishafta.

## Tekjur af hlutafjáreign

5. Tekjur af hlutafjáreign greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Arðstekjur frá BIS | 57.947 | 137.185 |
| Aðrar arðstekjur | 2.750 | |
| | 60.697 | 137.185 |

## Verðendurmat erlendra verðbréfa

6. Verðendurmat erlendra verðbréfa greinist þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Erlend verðbréf, gangvirðisbreyting | 1.155.346 | 975.851 |
| | 1.155.346 | 975.851 |

| *Nafnverð erlendra verðbréfa eftir gjaldmiðlum:* | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| EUR | 874.392.477 | 928.865.744 |
| GBP | 92.368.918 | 55.457.947 |
| PLN | 204.129.000 | 204.129.000 |
| USD | 744.418.155 | 290.970.306 |

## Verðendurmat gulleignar

7. Verðhækkun gullforða bankans, miðað við fastgengi, nam 881 m.kr. 2011 samanborið við 2,6 ma.kr. árið 2010. Markaðsverð gulls var 1.564,91 Bandaríkjadalir á hverja únsu í árslok 2011 en 1.420,78 Bandaríkjadalir á únsu í upphafi árs.

## Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum





8. Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum nam alls 2,1 ma.kr. á árinu 2011 samanborið við 728 m.kr. árið 2010.

- Hluti af hagnaði gjaldeyrisviðskipta ársins er tilkominn vegna losunar gjaldeyrishafta. Gengishagnaður af þeim gjaldeyrisviðskiptum, þar sem bankinn hefur selt erlendan gjaldeyri og keypt til baka, bókfærist sem hagnaður.

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum (þús.kr.) | 2.086.187 | 727.842 |
| | 2.086.187 | 727.842 |

## Endurmat á Greiðsluveitunni

9. Endurmat á eignarhlut í Greiðsluveitunni nam 147 m.kr. á árinu 2010. Endurmatið átti sér stað samhliða því að Seðlabankinn eignaðist Fjölgreiðslumiðlun hf. að fullu um leið og nafni félagsins var breytt í Greiðsluveituna ehf.

## Laun og launatengd gjöld

10. Laun og launatengd gjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Laun | 1.244.301 | 1.046.445 |
| Lífeyrissjóður | 170.534 | 132.784 |
| Önnur launatengd gjöld | 140.143 | 113.033 |
| Framlag til lífeyrisskuldbindinga | 44.342 | 23.861 |
| | 1.599.320 | 1.316.123 |
| Fjöldi starfa í árslok | 161 | 147 |

- Engin bónuskerfi eru til staðar fyrir starfsmenn Seðlabankans, hvorki fyrir stjórnendur né aðra starfsmenn.

- Á árinu 2011 námu heildarlaun bankastjóra og bankaráðs 28 m.kr. Bankastjóri fær ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármálamarkaði standa sameiginlega að eða sem Seðlabanki Íslands tilnefnir fulltrúa í skv. lögum. Heildargreiðslur til bankastjórna og bankaráðs á árinu 2011 greinast þannig í m.kr.:

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| *Bankastjóri* | | |
| Már Guðmundsson | 16,5 | 18,7 |
| *Bankaráð* | | |
| Lára V. Júlíusdóttir | 2,8 | 3,0 |
| Aðrir bankaráðsmenn og varamenn | 8,7 | 9,5 |
| | 28,0 | 31,2 |





## Annar rekstrarkostnaður

11. Önnur rekstrargjöld greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Aðkeypt þjónusta | 382.287 | 330.897 |
| Rekstur eigna og lausafjármuna | 547.396 | 187.901 |
| Ýmsir rekstrarliðir | 267.188 | 124.049 |
| | 1.196.870 | 642.847 |

- Önnur rekstrargjöld hækka um 554 m.kr milli ára. Hækkunin skýrist einkum af auknum kostnaði við rekstur á greiðslukerfum í eigu dótturfélaga Seðlabanka Íslands.

## Kostnaður af seðlum og mynt

12. Kostnaður af seðlum og mynt greinist þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Seðlaprentun | 150.309 | |
| Myntslátta | 55.859 | |
| Dreifingarkostnaður | 2.624 | 2.895 |
| Búnaður | 9.768 | 6.991 |
| | 218.560 | 9.886 |

## Virðisrýrnun krafna

13. Gjaldfærð afskrift krafna nam alls 23,9 ma.kr. á árinu 2011 samanborið við 21,3 ma.kr. árið áður.

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Endanlega tapað | 1.548.974 | 7.869.694 |
| Varúðarafskrift | 22.357.974 | 13.409.844 |
| | 23.906.948 | 21.279.537 |

14. Gengismunur greinist þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Gulleign | 940.895 | (801.992) |
| Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) | 1.540.782 | 1.438.917 |
| Erlendar bankainnstæður | 29.683.850 | (28.512.530) |
| Erlend verðbréf | 11.661.611 | (32.263.674) |
| Erlendar skammtímaskuldir | (10.006.467) | 14.262.579 |
| Erlend lán, gjaldeyrisreikningar | (26.350.067) | 38.943.693 |
| | 7.470.603 | (6.933.007) |

Breyting helstu gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni var þannig:

| % | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| USD | 6,7 | -7,9 |
| EUR | 3,3 | -14,5 |
| GBP | 6,1 | -11,5 |
| NOK | 3,7 | -9,2 |
| DKK | 3,5 | -14,6 |
| SEK | 3,7 | -2,1 |
| JPY | 11,5 | 4,6 |
| CAD | 4,3 | -3,2 |
| XDR | 5,9 | -9,1 |

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2011




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Heildareignir og -skuldir í erlendum gjaldmiðli 2010




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

## Tekjuskattur

15. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti skv. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Dótturfélög bankans eru hins vegar skattskyld skv. Lögum um tekjuskatt og er gjaldfærður tekjuskattur í samstæðuársreikningi vegna þeirra og greinist hann þannig (þús. kr):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Sölvhóll ehf. | (1.715) | (1.462) |
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. | (1.108.467) | (867.323) |
| Greiðsluveitan ehf. | (37.823) | |
| | (1.148.005) | (868.785) |

- Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 nemur 5.014 m.kr.

Virkur tekjuskattur árið 2011 greinist þannig (þús.kr.):

| | *Fjárhæð* | % |
|---|---|---|
| Hagnaður dótturfélaga | 4.289.565 | |
| Skatthlutfall | (857.913) | -20 |
| Ófrádráttabær kostnaður | (11) | 0 |
| Hlutdeild í tapi dótturfélaga ekki eignfært | (403.797) | -9,4 |
| Breyting á niðurfærslu tekjuskatts | 113.716 | 2,7 |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstarreikningi | (1.148.005) | -26,8 |

## Framlag í ríkissjóð

16. Framlag til ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, reiknast sem 2/3 hlutar hagnaðar án reiknaðs gengismunar ef eigið fé (án endurmatsreiknings) er hærra en 2,25% af fjárhæð útlána og innlendrar verðbréfaeignar lánakerfisins í lok ársins, annars greiðist 1/3 hluti hagnaðarins í ríkissjóð. Eigið fé bankans í árslok 2010 var undir þessum mörkum og því hefði borið að miða við greiðslu 1/3 hlutar af hagnaði í ríkissjóð en framlag var ekkert þar sem taprekstur var á árinu 2010 án reiknaðs gengismunar.

- Eigið fé bankans í árslok 2011 var undir þessum mörkum og því er miðað við greiðslu 1/3 hlutar af hagnaði í ríkissjóð án reiknaðs gengismunar.

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Afkoma ársins án gengismunar og framlags | 10.391.074 | (6.565.859) |
| Framlag í ríkissjóð | (3.463.692) | |
| Hagnaður (tap) ársins án gengismunar | 6.927.382 | (6.565.859) |
| Gengismunur | 7.470.603 | (6.933.007) |
| | 14.397.984 | (13.498.866) |

## Gulleign

17. Gulleign bankans var 63.785,1 únsa í árslok 2011. Gullið er fært á markaðsverði í árslok 2011 en únsan var þá metin á 1.564,91 Bandaríkjadal sem samsvarar 192.030 kr. Gulleignin þannig metin nam 12,2 ma.kr. í árslok 2011.

Þróun gullverðs




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

Breyting gulleignar greinist þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 10.426.358 | 8.663.849 |
| Verðendurmat | 881.405 | 2.564.501 |
| Gengismunur | 940.895 | (801.992) |
| Staða í lok árs | 12.248.658 | 10.426.358 |





## Erlendar eignir

18. Erlendar eignir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Erlendar bankainnstæður | 672.143.912 | 420.181.891 |
| Erlend verðbréf | 272.072.067 | 217.821.305 |
| Sérstök dráttarréttindi við AGS | 87.295.035 | 13.078.521 |
| Erlendar eignir utan forða | 13.004.685 | 69.978.044 |
| | 1.044.515.699 | 721.059.761 |

19. Erlendar bankainnstæður greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Innstæður í erlendum seðlabönkum | 565.575.529 | 320.494.767 |
| Innstæður í öðrum erlendum bönkum | 106.568.383 | 99.687.124 |
| | 672.143.912 | 420.181.891 |
| Innstæður, lausar til útgreiðslu | 417.687.204 | 196.758.961 |
| Bundnar innstæður, lausar innan 3 mánaða | 254.456.708 | 223.422.930 |
| | 672.143.912 | 420.181.891 |

20. Breytingar á erlendum verðbréfum á árinu greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 217.821.305 | 231.573.927 |
| Kaup á árinu | 178.191.076 | 99.051.514 |
| Sala og innheimtur á árinu | (136.324.418) | (78.209.704) |
| Verðendurmat | 722.494 | (2.330.758) |
| Gengismunur | 11.661.611 | (32.263.674) |
| | 272.072.067 | 217.821.305 |

21. Erlendar eignir utan forða

Erlendar eignir utan gjaldeyrisforða greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum | 184.486 | 184.486 |
| Aðrar eignir utan gjaldeyrisforða | 12.820.199 | 69.793.558 |
| | 13.004.685 | 69.978.044 |

- Eignarhlutir í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS) eru skráðir á kostnaðarverði. Í árslok 2011 var fjöldi hluta 1.070 en hver hlutur er 5.000 SDR. Eignarhlutir bankans eru færðir meðal erlendra eigna utan gjaldeyrisforðans. Bókfært verð í árslok 2011 nam 184,5 m.kr. en nafnverð nam 252 m.kr. (1,3 m. SDR). Greitt hefur verið fyrir 25% af hverjum 5.000 SDR hlut eða 1.250 SDR fyrir hvern hlut. Bankinn er skuldbundinn til þess að greiða það sem á skortir í fullt framlag eða 75%, verði eftir því kallað.



## Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS)

22. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 117,6 m. SDR í árslok 2011. Kvótinn var greiddur að 1/4 hluta með gullframlagi á sínum tíma en að öðru leyti með krónuframlagi. Gjaldeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,7 m. SDR sem er mismunurinn á kvótanum og krónuinneign sjóðsins hjá bankanum, sbr. neðangreinda töflu. Lántaka bankans í formi úthlutunar sjóðsins á SDR nam 112,2 m. SDR. Þá hefur bankinn dregið að fullu á lán frá AGS að fjárhæð 1.400 m. SDR.

| *Eignir (m.kr.):* | *SDR* | *ISK* |
|---|---|---|
| Kvóti Seðlabanka Íslands | 117,6 | 22.154,7 |
| Inneign hjá Seðlabanka Íslands | (98,9) | (18.631,8) |
| Gjaldeyrisstaða Seðlabankans hjá AGS | 18,7 | 3.525,2 |
| Innstæða Seðlabankans hjá AGS | 463,4 | 87.295,0 |
| | 482,1 | 90.820,2 |
| *Skuldir (m.kr.):* | | |
| Mótvirði úthlutaðra SDR | 112,2 | 21.140,9 |
| Viðskiptareikningur AGS hjá Seðlabanka Íslands | 0,0 | 1,6 |
| Lántaka frá AGS | 1.406,5 | 264.963,6 |
| | 1.518,7 | 286.113,6 |

## Innlendar fjáreignir

23. Mótaðilar innlendra fjáreigna greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Fjármálastofnanir | 202.367.435 | 227.771.824 |
| Ríkissjóður | 194.641.368 | 173.392.552 |
| Fjármálastofnanir í slitameðferð | 53.682.450 | 101.951.118 |
| Aðrir aðilar | 51.641.152 | 24.183.192 |
| | 502.332.405 | 527.298.686 |

24. Innlendar fjáreignir við fjármálastofnanir greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Veðlán | | 40.824.956 |
| Daglán | | 995.000 |
| Afleiður | 4.311.854 | 313.582 |
| Innstæður | 7.278.487 | 304.272 |
| Húsbréf | 8.827.629 | 8.015.606 |
| Húsnæðisbréf | 125.915 | 156.197 |
| Útlán | 181.823.550 | 177.162.211 |
| | 202.367.435 | 227.771.824 |

25. Innlendar fjáreignir við ríkissjóð greinast þannig (þús.kr.):





| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Skuldabréf | 173.073.569 | 164.388.389 |
| Ríkisbréf | 20.419.596 | 2.867.986 |
| Ríkisvíxill | 898.961 | |
| Ríkisbréf í erlendum gjaldmiðli | 249.242 | 6.136.176 |
| | 194.641.368 | 173.392.552 |

Breytingar á skuldabréfi ríkissjóðs greinast þannig (þús.kr.):

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 164.388.389 | 161.141.868 | 270.005.388 | |
| Höfuðstóll | 146.651.654 | 146.651.654 | 270.005.388 | |
| Kaup á árinu | | | | 270.005.388 |
| Verðbætur | 25.358.795 | 16.726.965 | 23.303.301 | |
| Áfallnir vextir | 1.063.120 | 1.009.770 | 1.833.179 | |
| Greiðsla | | | (134.000.000) | |
| Staða í lok árs | 173.073.569 | 164.388.389 | 161.141.868 | 270.005.388 |

26. Gjaldfallin lán námu 53,7 ma.kr. í árslok 2011 samanborið við 102 ma.kr. í árslok 2010.

| *Gjaldfallin útlán greinast þannig (þús.kr.):* | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 101.951.118 | 490.614.019 | 333.491.781 | |
| Gjaldfallin á árinu | | | 117.269.848 | 678.496.781 |
| Veðlán keypt af ríkissjóði | | | 134.000.000 | |
| Bókfært verð veðlána seldra ríkissjóði | | | | (95.102.000) |
| Fullnusta eigna | (34.497.885) | (264.931.242) | | |
| Virðisrýrnun krafna | (3.515.636) | (16.516.643) | (22.073.493) | (249.903.000) |
| Afborganir og gengismunur | (10.255.147) | (107.215.016) | (72.074.117) | |
| Staða í lok árs | 53.682.450 | 101.951.118 | 490.614.019 | 333.491.781 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

27. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð.

- Varanlegir rekstrarfjármunir í árslok 2011 greinast þannig (fjárhæðir í þús.kr.):

| | *Land* | *Fasteignir* | *Lausafé* | *Söfn* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kostnaðar- og matsverð* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2010 | | 90.976 | 103.191 | 8.126 | 202.293 |
| Matsverð í ársbyrjun 2010 | 24.000 | 4.575.331 | 173.055 | 237.000 | 5.009.385 |
| Samtals í ársbyrjun 2010 | 24.000 | 4.666.307 | 276.246 | 245.126 | 5.211.679 |
| Yfirfært vegna samruna | | | 671.108 | | 671.108 |
| Eignfært á árinu | | | 25.886 | | 25.886 |
| Selt (kostnaðarverð) | | | (13.214) | | (13.214) |
| Selt og aflagt á árinu (matsverð) | | | (140.329) | | (140.329) |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2011 | | 90.976 | 786.972 | 8.126 | 886.074 |
| Matsverð í ársbyrjun 2011 | 24.000 | 4.575.331 | 32.726 | 237.000 | 4.869.057 |
| Samtals í ársbyrjun 2011 | 24.000 | 4.666.307 | 819.698 | 245.126 | 5.755.130 |
| Eignfært á árinu | | | 53.026 | | 53.026 |
| Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (5.050) | | (5.050) |
| Kostnaðarverð í árslok 2011 | | 90.976 | 834.948 | 8.126 | 934.050 |
| Matsverð í árslok 2011 | 24.000 | 4.575.331 | 32.726 | 237.000 | 4.869.057 |
| Samtals í árslok 2011 | 24.000 | 4.666.307 | 867.674 | 245.126 | 5.803.107 |
| *Afskriftir* | | | | | |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2010 | | 2.572 | 52.223 | | 54.795 |
| Matsverð í ársbyrjun 2010 | | 243.554 | 158.976 | | 402.530 |
| Samtals í ársbyrjun 2010 | | 245.126 | 211.199 | | 457.325 |
| Yfirfært vegna samruna | | | 375.370 | | 375.370 |
| Afskrift ársins á kostnaðarverði | | 951 | 25.224 | | 26.175 |
| Afskrift ársins á matsverði | | 48.944 | 3.523 | | 52.467 |
| Selt (kostnaðarverð) | | | (13.214) | | (13.214) |
| Selt og aflagt á árinu (matsverð) | | | (140.329) | | (140.329) |
| Kostnaðarverð í ársbyrjun 2011 | | 3.523 | 439.603 | | 443.126 |
| Matsverð í ársbyrjun 2011 | | 292.498 | 22.170 | | 314.668 |
| Samtals í ársbyrjun 2011 | | 296.021 | 461.773 | | 757.794 |
| Afskrift ársins á kostnaðarverði | | 951 | 102.563 | | 103.514 |
| Afskrift ársins á matsverði | | 48.944 | 3.523 | | 52.467 |
| Selt og aflagt á árinu (kostnaðarverð) | | | (1.414) | | (1.414) |
| Kostnaðarverð í árslok 2011 | | 4.474 | 540.752 | | 545.226 |
| Matsverð í árslok 2011 | | 341.442 | 25.692 | | 367.135 |
| Samtals í árslok 2011 | | 345.917 | 566.445 | | 912.361 |
| *Bókfært verð* | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2010 | 24.000 | 4.420.181 | 65.046 | 245.126 | 4.754.354 |
| Bókfært verð í ársbyrjun 2011 | 24.000 | 2.470.286 | 357.924 | 245.126 | 4.997.336 |
| Bókfært verð í árslok 2011 | 24.000 | 4.320.390 | 301.229 | 245.126 | 4.890.746 |
| Afskriftarhlutföll | 0% | 1-3% | 10-33% | 0% | |

## 28. Frestaður skattur

| *Frestaður skattur greinist þannig (þús.kr):* | *Inneign* | *Skuldbinding* | *Samtals* |
|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun 2010 | | | |
| Breyting vegna lækkunar á tekjuskattshlutfalli | | (41) | (41) |
| Yfirfært vegna samstæðu | | (8.656) | (8.656) |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2010 | (867.323) | (1.423) | (868.746) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2011 | 2.067.323 | 1.051 | 2.068.374 |
| Staða í ársbyrjun 2011 | 1.200.000 | (9.070) | 1.190.930 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2011 | (1.108.467) | (39.538) | (1.148.005) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2012 | 4.970.753 | 43.259 | 5.014.012 |
| Staða í árslok 2011 | 5.062.286 | (5.348) | 5.056.938 |

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (4.041) | (8.213) |
| Óbein niðurfærsla fjáreigna | 6.103.230 | 1.556.515 |
| Frestaður gengismunur | (480.506) | (67.283) |
| Niðurfærsla inneignar vegna óvissu | (561.745) | (290.089) |
| | 5.056.938 | 1.191.930 |

## 29. Aðrar eignir greinast þannig (þús.kr):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Hlutabréf | 2.476.970 | 6.828.136 |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur | 1.568.645 | 1.768.894 |
| Fullnustueignir | 1.457.739 | |
| Óuppgerð viðskipti | 1.980.882 | |
| Aðrar eignir | 651.442 | 720.362 |
| | 8.135.678 | 9.317.392 |

## 30. Dótturfélög

| *Nafn dótturfélags* | *Staðsetning* | *Eignarhluti* | *Nafnverð* | *Meginstarfsemi* |
|---|---|---|---|---|
| Sölvhóll ehf. | Ísland | 100% | 1.000.000 | Rekstrarfélag |
| Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. | Ísland | 100% | 1.000.000 | Eignarhaldsfélag |
| Greiðsluveitan ehf. | Ísland | 100% | 20.000.000 | Rekstur greiðslukerfa |
| Hilda hf. | Ísland | 100% | 1.000.000.000 | Eignarhaldsfélag |

### Greiðsluveitan ehf.

- Hinn 15. nóvember 2010 undirrituðu eigendur Reiknistofu bankanna (RB) og Fjölgreiðslumiðlunar hf (FGM) rammasamkomulag um nýskipan kjarna- og stoðkerfa íslenskrar greiðslumiðlunar. Rammasamningurinn kvað m.a. á um að félagaformi RB yrði breytt úr samstarfsvettvangi í hlutafélag, að Seðlabanki Íslands seldi hlut sinn í RB og eignaðist FGM að fullu auk þess sem eignarhald á

þeim hluta hugbúnaðarlausna RB sem helst tengist greiðslumiðlun yrði flutt yfir til FGM.

- Ofangreindar breytingar voru formlega staðfestar hinn 15. desember 2010 með undirritun samninga milli eigenda RB og FGM (banka, sparisjóða, kortafyrirtækja og Seðlabankans). Samkeppniseftirlitið heimilaði með tilkynningu 28. janúar 2011 samruna Seðlabanka og Greiðsluveitunnar (yfirtaka Seðlabankans á starfsemi Geiðsluveitunnar jafngildir samruna í skilningi samkeppnislaga) – ákvörðun nr. 2/2011. Nafni félagsins hefur nú verið breytt í Greiðsluveitan og félagaformi úr hf. í ehf. þar sem Seðlabanki Íslands er eini eigandi félagsins.
- Nafni félagsins hefur nú verið breytt í Greiðsluveitan og félagaformi úr hf. í ehf. þar sem Seðlabanki Íslands er eini eigandi félagsins.
- Greiðsluveitan ehf. fer nú með eignarhald og ábyrgð á rekstri eftirtalinna sex kerfa á vettvangi greiðslumiðlunar: Stórgreiðslukerfi, Jöfnunarkerfi, RÁS-kerfi, Kröfupotti, Birtingi og SWIFT Alliance kerfið. RB kemur að tæknilegum rekstri þessara kerfa með áþekkum hætti og fyrir breytingu. Auk þess hefur eigandi félagsins falið því að annast tiltekna tækni- og rekstrarlega þætti stórgreiðslukerfisins en kerfið tekur til allra greiðslufyrirmæla að fjárhæð 10 m.kr eða hærri.

## Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf., Sölvhóll ehf.

- Fram til ársins 2008 hafði bankinn ekki orðið fyrir tjóni vegna útlánaáhættu. Í framhaldi af því bankahruni sem átti sér stað 2008-2009 er ljóst að bankinn hefur orðið fyrir nokkru tjóni vegna ótryggra veða fyrir lánum gegn veði sem þó voru metin traust þegar lánin voru veitt. Með hliðsjón af þessu keypti eigandi bankans, ríkissjóður, í árslok 2008 verðbréf að bókfærðu verði 345 ma. kr. og greiddi fyrir með verðtryggðu bréfi til fimm ára að fjárhæð 270 ma.kr. Á sama tíma voru 75 ma.kr. afskrifaðar. Í árslok 2009 var ákveðið að Seðlabankinn skyldi kaupa umræddar eignir til baka og selja síðan sérstöku dótturfélagi í eigu Seðlabankans, Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ). Annað dótturfélag Seðlabankans, Sölvhóll ehf., sem er rekstarfélag, mun hafa það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í eignarhaldsfélaginu (ESÍ), og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfa með samþykki stjórnar ESÍ. Með þessu skipulagi næst betri aðgreining á þeim rekstri og þeim eignum sem tengjast bankahruninu og hefðbundinni starfsemi Seðlabankans. Á árinu 2011 tók ESÍ yfir Hildu hf. sem varð þá dótturfélag ESÍ.

## Seðlar og mynt

31. Seðlar og mynt í umferð (þús.kr.):

| *Seðlar:* | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| 5.000 krónur | 35.558.500 | 31.402.500 |
| 2.000 krónur | 699.000 | 618.000 |
| 1.000 krónur | 3.366.500 | 2.896.500 |
| 500 krónur | 1.095.500 | 994.500 |
| Samtals | 40.719.500 | 35.911.500 |
| *Mynt:* | | |
| 100 krónur | 1.435.600 | 1.359.600 |
| 50 krónur | 436.390 | 412.390 |
| 10 krónur | 413.720 | 392.920 |
| 5 krónur | 100.934 | 97.934 |
| 1 króna | 98.502 | 95.134 |
| Samtals | 2.485.146 | 2.357.978 |
| Samtals í umferð | 43.204.646 | 38.269.478 |





## Erlendar skuldir

32. Erlendar skuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Lán frá AGS | 264.963.639 | 156.321.881 |
| Lán frá Seðlabanka Noregs | 76.251.962 | 36.915.859 |
| Aðrar skuldir | 388.076 | |
| | 341.603.677 | 193.237.741 |

- Útgreiðslur frá AGS í tengslum við efnahagsáætlun sjóðsins og íslenskra stjórnvalda eru alls átta; fyrsti hluti lánsins var að fjárhæð 560 m. SDR, næstu fjórar útgreiðslur nema hver um sig 105 m. SDR og síðustu þrjár útgreiðslur nema hver um sig 140 m. SDR. Heildarlánafyrirgreiðsla AGS vegna efnahagsáætlunarinnar er 1.400 m. SDR. Í lok árs 2011 hafði verið dregið að fullu á heildarlánafyrirgreiðsluna 1.400 m. SDR eða 265 ma.kr.

- Hinn 21. desember 2009 var fyrsti hluti láns frá Norðurlöndunum greiddur Íslandi í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS, annar hlutinn var greiddur 28. júní 2010 og þriðji hlutinn var greiddur í lok desember 2011. Seðlabanki Íslands hefur tekið 480 m. evra að láni eða um 76,2 ma.kr. á árslokagengi 2011 hjá Seðlabanka Noregs.

33. Afborganir af erlendum langtímaskuldum greinast þannig (þús. kr.):

| | *Lán frá AGS* | *Lán frá Seðlabanka Noregs* | *Aðrar skuldir* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|
| Afborganir 2012 | 107.465.313 | 15.774.455 | 388.076 | 123.627.844 |
| Afborganir 2013 | 13.226.500 | | | 13.226.500 |
| Afborganir 2014 | 47.120.351 | | | 47.120.351 |
| Afborganir 2015 | 64.479.188 | | | 64.479.188 |
| Afborganir 2016 | 32.240.539 | 7.887.228 | | 40.127.766 |
| Afborganir síðar | 431.749 | 52.590.279 | | 53.022.028 |
| Heildarlangtímaskuldir | 264.963.639 | 76.251.962 | 388.076 | 341.603.677 |

## Innstæður fjármálastofnana





34. Innstæður fjármálastofnana greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningar innlánsstofnana | 31.285.903 | 55.659.624 |
| Viðskiptareikningar annarra fjármálastofnana | 13.898.245 | 36.915.985 |
| Gjaldeyrisreikningar | 16.813.307 | 5.441.677 |
| | 61.997.455 | 98.017.286 |

- Lánastofnanir sem eru þátttakendur í stórgreiðslukerfi Seðlabankans leggja fram tryggingar vegna greiðslna í kerfinu. Þær eru í formi verðbréfa. Fjárhæð trygginga svarar til heimilda lánastofnana til skuldsetningar innan dags í stórgreiðslukerfinu.
- Í lok ársins 2011 námu tryggingar í stórgreiðslukerfi í verðbréfum 17,75 ma.kr. að markaðsvirði.
- Lánastofnanir leggja fram tryggingar til vörslu í Seðlabanka Íslands vegna lána þeirra gegn veði í samræmi við reglur nr. 997/2004.

Þróun innlendra reikninga og gjaldeyrisreikninga




*Heimild:* Seðlabanki Íslands.

35. Innstæður annarra aðila greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Ríkissjóður | 143.851.334 | 130.050.348 |
| Ríkisstofnanir | 1.111.222 | 1.426.680 |
| Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs | 376.465.573 | 175.842.255 |
| Innlendar innstæður erlendra aðila | 36.656.090 | 67.004.033 |
| Bundinn gjaldeyrir fjármálastofnana í slitameðferð | 178.257.760 | 252.978.772 |
| Gjaldeyrisreikningar fjármálastofnana í slitameðferð | 157.556.798 | 23.089.771 |
| Innlendar innstæður annarra aðila | 25.830.526 | 22.784.413 |
| | 919.729.302 | 673.176.272 |

- Innstæður annarra aðila jukust um 37% hjá bankanum og námu 919,8 ma.kr. í árslok 2011 samanborið við 673,2 ma.kr. árið 2010.
- Aukningin á gjaldeyrisreikningum ríkissjóðs skýrist einkum af skuldabréfaútgáfu Ríkissjóðs Íslands í júní 2011, að fjárhæð einn milljarður Bandaríkjadala.
- Hinn 30. desember 2011 voru síðustu greiðslur lána frá Norðurlöndunum greiddar til Íslands. Um er að ræða 887,5 m. evra og bætist sú fjárhæð við gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Af þessari fjárhæð tekur ríkissjóður að láni 645,7 m. evra og leggur inn á gjaldeyrisreikninga ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.
- Innstæður fjármálastofnana í slitameðferð jukust um 22% og námu 335,9 ma.kr. í árslok 2011 samanborið við 276 ma.kr. í árslok 2010.





## Innlendar fjárskuldir

36. Innlendar fjárskuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Innstæðubréf | 78.526.106 | 65.462.767 |
| Bundin skuldabréf ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum | 7.388.362 | 106.328.359 |
| Bundin skuldabréf ríkissjóðs í ISK | | 11.000.011 |
| | 85.914.469 | 182.791.137 |

- Seðlabanki Íslands gefur út skammtímaskuldabréf, svokölluð innstæðubréf, nú síðast samkvæmt reglum Seðlabankans um viðskipti fjármálafyrirtækja nr. 533 frá 26. júní 2009.
- Bankinn tók langtímalán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans undir lok ársins 2006. Ríkissjóður seldi skuldabréf á erlendum mörkuðum og endurlánaði bankanum andvirði lánsins sem er 1 ma. evra. Nafnvextir af láninu eru 3,75% en bréfin seldust miðað við 3,88%. Gjalddagi lánsins var 1. des. 2011.
- Ennfremur tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2010. Ríkissjóður tók lán hjá pólska ríkinu að fjárhæð 205 m. evra. Bókfært verð skuldarinnar með áföllnum vöxtum er 7,4 ma.kr. í árslok 2011.
- Ennfremur tók bankinn lán hjá ríkissjóði til fjármögnunar á aukningu gjaldeyrisforðans á seinni hluta ársins 2008. Ríkissjóður tók lán samkvæmt samningi við Bayerische Landesbank að fjárhæð 300 m. evra. Lánið var tekið í lok september 2008 og vextir greiddust í lok mars og september fram að gjalddaga lánsins sem var í lok september 2011. Lánið gagnvart Seðlabankanum er í íslenskum krónum. Lánið bar sömu vexti og reiknast af viðskiptareikningum innlánsstofnana. Lántökukostnaður var borinn af ríkissjóði.

## Lífeyrisskuldbindingar

37. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, en bankinn bar helming af rekstrarkostnaði þeirra, samtals 321,1 m.kr. í árslok 2011. Greiðslur vegna þessara kjara námu alls 45,5 m.kr. á árinu 2011 og færast til lækkunar á áður færðri skuldbindingu. Hækkun skuldbindingar bankans, að teknu tilliti til greiðslna, nam 44,3 m.kr. á árinu 2011 og er hún gjaldfærð.

Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs | 322.222 | 349.569 |
| Greitt vegna eftirlauna | (45.451) | (51.207) |
| Aukning á árinu | 44.342 | 23.860 |
| Lífeyrisskuldbinding í lok árs | 321.113 | 322.222 |

## Aðrar skuldir

38. Aðrar skuldir greinast þannig (þús.kr.):

| | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| Óinnleystur hagnaður af gjaldeyrisviðskiptum | 11.041.286 | |
| Hlutdeild ríkissjóðs í gjaldeyrisviðskiptum | 1.026.634 | |
| Ógreiddir skattar | 5.014.012 | 2.091.729 |
| Aðrar skuldir | 2.471.137 | 356.530 |
| | 19.553.068 | 2.448.259 |

- Hluti hagnaðar af gjaldeyrisviðskiptum stafar af gjaldeyrisviðskiptum sem framkvæmd voru á árinu sem liður í áætlun um losun gjaldeyrishafta. Gengishagnaður af þeim gjaldeyrisviðskiptum, þar sem bankinn hefur selt erlendan gjaldeyri og keypt til baka, bókfærist sem hagnaður. Hins vegar er bókfærð, á móti þeim gjaldeyrishagnaði sem myndast vegna gjaldeyris sem bankinn hefur selt á árinu 2011 en endurheimtir ekki fyrr en á árinu 2012, varúðarfærsla að sömu fjárhæð en áætlað er að sá hagnaður verði notaður í gjaldeyrisútboðum á árinu 2012.

## Sundurliðun á eigin fé og þróun á afkomu bankans

39. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í m.kr.):

| | *2011* | *2010* | *2009* | *2008* | *2007* |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé í ársbyrjun (án endurmats) | 64.825 | 78.271 | 77.387 | 86.012 | 43.236 |
| Eiginfjárframlag | | | | | 44.000 |
| Hagn. (tap) án framlags og gengismunar | 11.539 | (5.697) | (2.523) | (227.509) | 7.013 |
| Endurheimt veðlán frá ríkissjóði | | | | 174.903 | |
| Framlag í ríkissjóð | (3.464) | | | | (2.338) |
| Afskriftir endurmetinna eigna | 52 | 52 | 384 | | |
| Gengismunur ársins | 7.471 | (6.933) | 3.023 | 43.980 | (5.899) |
| Reiknaður tekjuskattur dótturfélaga | (1.148) | (869) | | | |
| Eigið fé í árslok (án endurmats) | 79.275 | 64.825 | 78.271 | 77.386 | 86.012 |
| Endurmat eigna í ársbyrjun | 4.555 | 4.607 | 4.991 | 4.991 | 4.991 |
| Afskriftir endurmetinna eigna | (52) | (52) | (384) | | |
| Eigið fé í árslok | 83.777 | 69.379 | 82.878 | 82.377 | 91.003 |
| | | | | | |
| *Stöðutölur/hlutföll í lok árs (ma.kr.):* | | | | | |
| Heildareignir bankans | 1.580,7 | 1.277,6 | 1.178,1 | 1.187,4 | 476,8 |
| Eigið fé (án endurmats eigna) | 79,3 | 64,8 | 77,9 | 77,4 | 86,0 |
| Eigið fé / heildareignir bankans | 5,0% | 5,1% | 6,6% | 6,5% | 18,0% |

## Ábyrgðarskuldbindingar og eignir utan efnahags

40. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða Alþjóðagreiðslubankanum áskrift að hlutafé verði eftir því kallað. Þegar hafa verið greidd 25% af áskrift en 75% hluti getur komið til greiðslu og nemur hann 785 m.kr.

- Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2011 aðgang að lánafyrirgreiðslu hjá Alþjóðagreiðslubankanum, í formi endurhverfa verðbréfaviðskipta, að fjárhæð 400 m. Bandaríkjadala, sem svarar til 49 ma.kr. Bankinn nýtti sér ekki þessa fyrirgreiðslu á árinu 2011 enda lausafjárstaða góð.

## Áhættustýring

41. Seðlabanki Íslands er opinber stofnun sem hefur ákveðnu hlutverki að gegna samkvæmt ákvæðum laga sem einkum lúta að peningamálastjórnun með vaxtaákvörðunum sínum og ávöxtun gjaldeyrisvarasjóðs landsmanna. Áhætta í rekstri hans er því nokkuð af annarri gerð en í rekstri annarra fjármálastofnana þó að sömu heiti séu notuð. Fjárhagsleg áhætta Seðlabanka Íslands greinist í kröfu-, lausafjár- og markaðsáhættu. Útlánaáhætta er hætta á tapi vegna þess að mótaðilar eða útgefendur eru ófærir um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á réttum tíma, að fullu eða að hluta. Útlánaáhættu er skipt upp í útgefandaáhættu, mótaðilaáhættu og uppgjörsáhættu. Lausafjáráhætta er sú áhætta að Seðlabankinn verði ófær um að sinna verkefnum sínum og skyldum vegna þess að eignir eru ónógar, ekki er hægt að selja þær í tíma eða aðeins er hægt að selja þær með verulegum afslætti. Markaðsáhætta er

skilgreind sem hætta á tapi eða skerðingu fjáreigna vegna breytinga á markaðsvirði eignanna. Markaðsáhætta skiptist í gengisáhættu, vaxtaáhættu, kröfuáhættu og gullverðsáhættu. Hér á eftir fylgir umsögn um þessar tegundir áhættu. Að auki býr bankinn við rekstraráhættu en það er áhættan af því að mannleg mistök eigi sér stað eða innri verkferlar og kerfi bregðist. Rekstraráhættu er stjórnað af starfsmönnum bankans á daglegum grunni en kappkostað er að innleiða eftirlit og verkferla sem lágmarka áhættuna.

## Vaxtaáhætta

42. Vaxtaáhætta er sú áhætta að fé tapist vegna breytinga á markaðsvöxtum. Stefna bankans í fjárfestingu miðar að því að bankinn geti ætíð sinnt verkefnum sínum og skyldum. Því er leitast við að erlendar eignir séu seljanlegar og fé er aðeins fest í traustum aðilum. Ávöxtunin er þó einnig höfð til hliðsjónar við fjárfestingu. Dregið er úr vaxtaáhættu í erlendum gjaldeyri með því að stilla eignum á móti skuldum. Á árinu 2011 notaði bankinn ekki sérstakar vaxtaafleiður til þess að stjórna vaxtaáhættu í erlendrum gjaldmiðli. Peningastefnunefnd tekur ákvörðun um hverjir vextir séu á innlendum eignum í formi lána gegn veðum, innstæðubréfum, innstæðum innlánsstofnana og innstæðum ríkissjóðs. Ávöxtun innlendra verðbréfa við ríkissjóð er í formi fastra verðtryggðra vaxta. Ávöxtun innlendra markaðsverðbréfa ræðst af breytingum á markaðsvöxtum.

## Gjaldeyrisáhætta

43. Gjaldeyrisáhætta er sú áhætta að verða fyrir tjóni vegna breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni. Bankinn notar afleiður til að stýra gjaldeyrisáhættu. Gjaldeyrisjöfnuður Seðlabankans í lok árs 2011 skiptist með eftirfarandi hætti: Eignir og skuldir bankans sem háðar eru gjaldeyrisáhættu greinast þannig í árslok 2011 samanborið við lok árs 2010 (allar tölur í milljónum króna):

*Greining gjaldmiðla eftir eignum og skuldum 2010*

| *Eignir:* | *Evra* | *Dalur* | *Pund* | *Jen* | *Aðrir gjaldm.* | *Gull* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gulleign | | | | | | 10.426 | 10.426 |
| Erlendar eignir | 349.104 | 119.228 | 96.288 | 3.070 | 153.369 | | 721.060 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 1.177 | 1.358 | 301 | 486 | | | 3.322 |
| Innlendar fjáreignir | 42.126 | 47.008 | 6.976 | 18.173 | 9.085 | | 123.369 |
| Aðrar eignir | 1.920 | | | | | | 1.920 |
| | 394.328 | 167.594 | 103.564 | 21.729 | 162.455 | 10.426 | 860.097 |
| *Skuldir:* | | | | | | | |
| Erlendar skuldir | 92.322 | 63.889 | 14.160 | 22.865 | | | 193.237 |
| Mótvirði við AGS | 7.078 | 8.162 | 1.809 | 2.921 | | | 19.971 |
| Innstæður fjármálastofnana | 910 | 1.755 | 634 | 198 | 1.946 | | 5.442 |
| Aðrar innstæður | 263.144 | 53.304 | 76.511 | 357 | 58.594 | | 451.910 |
| Innlendar fjárskuldir | 98.339 | | | | 7.989 | | 106.328 |
| Aðrar skuldir | 475 | | | | 61 | | 537 |
| | 462.270 | 127.110 | 93.114 | 26.342 | 76.178 | | 785.013 |
| Nettóeign í ISK | (69.861) | 40.484 | 10.450 | (4.612) | 86.277 | 10.426 | 73.164 |

*Greining gjaldmiðla eftir eignum og skuldum 2011*

| *Eignir:* | *Evra* | *Dalur* | *Pund* | *Jen* | *Aðrir gjaldm.* | *Gull* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gulleign | | | | | | 12.249 | 12.249 |
| Erlendar eignir | 478.652 | 290.676 | 124.810 | 15.682 | 134.695 | | 1.044.515 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 1.257 | 1.515 | 393 | 360 | | | 3.525 |
| Innlendar fjáreignir | 38.047 | 52.313 | 11.228 | 28.111 | 20.260 | | 149.960 |
| | 517.956 | 344.504 | 136.432 | 44.153 | 154.955 | 12.249 | 1.210.249 |
| *Skuldir:* | | | | | | | |
| Erlendar skuldir | 171.322 | 113.729 | 29.573 | 26.979 | | | 341.604 |
| Mótvirði við AGS | 7.540 | 9.088 | 2.360 | 2.153 | | | 21.141 |
| Innstæður fjármálastofnana | 293 | 10.583 | 3.654 | 572 | 1.711 | | 16.813 |
| Aðrar innstæður | 359.284 | 161.417 | 81.546 | 393 | 109.639 | | 712.280 |
| Innlendar fjárskuldir | | | | | 7.388 | | 7.388 |
| Aðrar skuldir | 45 | 19 | 520 | | 7 | | 592 |
| | 538.485 | 294.836 | 117.654 | 30.098 | 118.745 | | 1.099.818 |
| Nettóeign í ISK | (20.529) | 49.668 | 18.778 | 14.055 | 36.210 | 12.249 | 110.432 |





## Útlánaáhætta

44. Útgefandaáhætta er sú áhætta að útgefendur verðbréfa í eignasafni bankans verði ófærir um að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar á réttum tíma, að fullu eða að hluta. Hér að neðan er eignasafn bankans í erlendum verðbréfum brotið niður eftir lánshæfi, heimalandi og tegund útgefanda.

45. Dreifing á erlendum skuldabréfum eftir lánshæfismati:

| *Einkunn* | *2011* | *2010* |
|---|---|---|
| AAA | 89% | 77% |
| AA+ | 4% | 11% |
| AA | 4% | 2% |
| AA- | 1% | 3% |
| A+ | 0% | 0% |
| A | 0% | 4% |
| A- | 3% | 2% |
| BBB+ | 0% | 0% |
| BBB | 0% | 0% |
| BBB- | 0% | 0% |
| Undir BBB- | 0% | 0% |
| | 100% | 100% |

46. Dreifing á erlendum skuldabréfum eftir heimalandi útgefanda:

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Þýskaland | 24,5% | 38,9% |
| Bandaríkin | 22,4% | 14,8% |
| Holland | 16,2% | 3,3% |
| Fjölþjóðastofnanir | 8,8% | 6,4% |
| Frakkland | 8,7% | 13,2% |
| Bretland | 5,6% | 5,1% |
| Finnland | 3,3% | 2,4% |
| Pólland | 2,8% | 3,7% |
| Austurríki | 2,1% | 1,5% |
| Danmörk | 1,9% | 0,6% |
| Noregur | 1,6% | 0,2% |
| Kanada | 1,1% | 1,1% |
| Svíþjóð | 0,5% | 1,8% |
| Ástralía | 0,5% | 0,4% |
| Ítalía | 0,0% | 4,2% |
| Spánn | 0,0% | 2,1% |
| | 100% | 100% |

47. Mótaðilaáhætta vegna innstæðna í bönkum með höfuðstöðvar erlendis:

| *Lánshæfismat* | | *2011* | *2010* |
|---|---|---|---|
| S&P | A-2 | 4,0% | 7,4% |
| | P-1 | 94,2% | 92,6% |
| | A-2 | 1,8% | 0,0% |
| Moody´s | P-1 | 97,9% | 100,0% |
| | Ekki metið af Moody´s | 2,1% | 0,0% |

## Lausafjáráhætta

48. Lausafjáráhætta er sú áhætta að Seðlabankinn verði ófær um að sinna verkefnum sínum og skyldum vegna þess að eignir eru ónógar, ekki er hægt að selja þær í tíma eða aðeins er hægt að selja þær með verulegum afslætti. Gjaldeyrisforði bankans er að miklum meirihluta í auðseljanlegum verðbréfum, innstæðum í seðlabönkum og innstæðum hjá BIS. Í eftirfarandi töflu kemur fram hvernig eignir og skuldir greinast eftir gjaldkræfni. Í töflunni kemur fram mismunur miðað við erlenda og innlenda gjalddagastöðu. Tölur í milljónum króna.

*Greining eftirstöðva eftir eignum og skuldum í innlendum og erlendum gjaldmiðli 2010:*

| | *Gjaldfallið* | *Óbundið* | *Innan 3 mán.* | *3-12 mán.* | *1-5 ára* | *Yfir 5 ára* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Eignir í erlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Gulleign | | 28 | 10.399 | | | | 10.426 |
| Erlendar eignir | 69.794 | 226.009 | 425.257 | | | | 721.059 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | | 3.322 | | | | | 3.322 |
| Innlendar fjáreignir | | | | | 123.369 | | 123.369 |
| Aðrar eignir | | 184 | | 1.736 | | | 1.920 |
| *Eignir í innlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Innlendar fjáreignir | 101.951 | 2.462 | 41.820 | | 247.529 | 10.168 | 403.930 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 4.997 | | | | | 4.997 |
| Aðrar eignir | | | | | 8.597 | | 8.597 |
| | 171.745 | 237.002 | 477.476 | 1.736 | 379.495 | 10.168 | 1.277.621 |
| *Skuldir í erlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Erlendar skuldir | | | | | | 193.238 | 193.238 |
| Mótvirði við AGS | | 19.971 | | | | | 19.971 |
| Innstæður fjármálastofnana | | 5.442 | | | | | 5.442 |
| Aðrar innstæður | | 198.932 | 252.979 | | | | 451.911 |
| Innlendar fjárskuldir | | | | 106.328 | | | 106.328 |
| Aðrar skuldir | | | | 537 | | | 537 |
| *Skuldir í innlendri mynt* | | | | | | | |
| Seðlar og mynt | | 38.269 | | | | | 38.269 |
| Innstæður fjármálastofnana | | 92.576 | | | | | 92.576 |
| Aðrar innstæður | | 221.265 | | | | | 221.265 |
| Innlendar fjárskuldir | | | 65.463 | 11.000 | | | 76.463 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | | | 9 | | | 9 |
| Lífeyrisskuldbinding | | | | 50 | 200 | 72 | 322 |
| Aðrar skuldir | | | | 1.910 | | | 1.910 |
| | 0 | 576.455 | 318.442 | 119.835 | 200 | 193.310 | 1.208.242 |
| Mism. í erl. gjalddagastöðu | 69.794 | 5.198 | 182.677 | (105.129) | 123.369 | (193.237) | 82.669 |
| Mism. í innl. gjalddagastöðu | 101.951 | (344.651) | (23.643) | (12.969) | 255.926 | 10.096 | (13.290) |
| Heildarstaða | 171.745 | (339.453) | 159.034 | (118.098) | 379.295 | (183.141) | 69.379 |

*Greining eftirstöðva eftir eignum og skuldum í innlendum og erlendum gjaldmiðli 2011:*

| | *Gjaldfallið* | *Óbundið* | *Innan 3 mán.* | *3-12 mán.* | *1-5 ára* | *Yfir 5 ára* | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Eignir í erlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Gulleign | | 32 | 12.216 | | | | 12.249 |
| Erlendar eignir | | 504.982 | 526.713 | | 12.820 | | 1.044.515 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | | 3.525 | | | | | 3.525 |
| Innlendar fjáreignir | | | | 4.312 | 145.399 | 249 | 149.960 |
| *Eignir í innlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Innlendar fjáreignir | 53.682 | 105 | | 4.387 | 225.594 | 68.605 | 352.372 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 4.891 | | | | | 4.891 |
| Aðrar eignir | | 4.946 | | 1.646 | 6.606 | | 13.198 |
| | 53.682 | 518.481 | 538.930 | 10.344 | 390.419 | 68.854 | 1.580.711 |
| *Skuldir í erlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Erlendar skuldir | | | | 52.906 | 235.288 | 53.410 | 341.604 |
| Mótvirði við AGS | | 21.141 | | | | | 21.141 |
| Innstæður fjármálastofnana | | 16.813 | | | | | 16.813 |
| Aðrar innstæður | | 534.022 | 178.258 | | | | 712.280 |
| Innlendar fjárskuldir | | | | | | 7.388 | 7.388 |
| Aðrar skuldir | | | 592 | | | | 592 |
| *Skuldir í innlendum gjaldmiðli* | | | | | | | |
| Seðlar og mynt | | 43.205 | | | | | 43.205 |
| Innstæður fjármálastofnana | | 45.184 | | | | | 45.184 |
| Aðrar innstæður | | 207.451 | | | | | 207.451 |
| Innlendar fjárskuldir | | | | 78.526 | | 7.388 | 85.914 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | | | | 5 | | 5 |
| Lífeyrisskuldbinding | | | | 50 | 50 | 221 | 321 |
| Aðrar skuldir | | 330 | 17.189 | 4.905 | | | 23.017 |
| | 0 | 868.145 | 196.039 | 207.109 | 165.009 | 60.632 | 1.496.934 |
| Mism. í erl. gjalddagastöðu | 0 | (63.437) | 360.672 | (119.316) | (37.481) | (52.773) | 87.666 |
| Mism. í innl. gjalddagastöðu | 53.682 | (286.227) | (17.781) | (77.449) | 262.891 | 60.995 | (3.889) |
| Heildarstaða | 53.682 | (349.663) | 342.890 | (196.765) | 225.410 | 8.222 | 83.777 |

# Viðaukar með samstæðureikningi

# Seðlabanki Íslands

## Rekstrarreikningur ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | |
| Af innlendum eignum | 23.292.763 | 20.015.090 |
| Af erlendum eignum | 12.237.257 | 11.125.305 |
| | 35.530.021 | 31.140.395 |
| **Vaxtagjöld** | | |
| Af innlendum skuldum | 16.693.371 | 26.659.277 |
| Af erlendum skuldum | 10.761.361 | 10.065.391 |
| | 27.454.732 | 36.724.668 |
| Hreinar vaxtatekjur / (vaxtagjöld) | 8.075.289 | (5.584.273) |
| **Aðrar rekstrartekjur** | | |
| Þjónustutekjur | 356.980 | 401.733 |
| Þjónustugjöld | (169.758) | (135.518) |
| Tekjur af hlutafjáreign | 57.947 | 137.185 |
| Verðendurmat erlendra verðbréfa og láns | 1.439.064 | 975.851 |
| Verðendurmat gulls | 881.405 | 2.564.501 |
| Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum | 2.086.187 | 727.842 |
| Hagnaður af sölu kerfa | | 375.000 |
| Endurmat á Greiðsluveitunni ehf. | | 146.625 |
| Hlutdeild í afkomu dótturfélaga | 3.179.209 | 1.058.704 |
| | 7.831.034 | 6.251.923 |
| Hreinar rekstrartekjur | 15.906.322 | 667.649 |
| **Önnur rekstrargjöld** | | |
| Laun og launatengd gjöld | 1.436.022 | 1.278.019 |
| Annar rekstrarkostnaður | 686.968 | 596.802 |
| Kostnaður af seðlum og mynt | 218.560 | 9.885 |
| Afskriftir fastafjármuna | 79.321 | 78.642 |
| Virðisrýrnun krafna | | 4.762.894 |
| | 2.420.871 | 6.726.242 |
| Hagnaður (tap) án framlags | 13.485.451 | (6.058.593) |
| Framlag í ríkissjóð | (3.463.692) | |
| Gengismunur | 4.376.225 | (7.440.271) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | 14.397.984 | (13.498.866) |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Gulleign | 12.248.658 | 10.426.358 |
| Erlendar eignir | 1.031.695.499 | 652.771.319 |
| Gjaldeyrisstaða við AGS | 3.525.215 | 3.321.895 |
| Innlendar fjáreignir | 528.712.438 | 607.325.712 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 4.647.324 | 4.701.598 |
| Aðrar eignir | 4.945.955 | 1.920.362 |
| | 1.585.775.089 | 1.280.467.244 |
| **Skuldir og eigið fé** | | |
| Seðlar og mynt | 43.204.646 | 38.269.478 |
| Erlendar skuldir | 341.603.677 | 193.237.741 |
| Mótvirði við AGS | 21.140.864 | 19.970.516 |
| Innstæður fjármálastofnana | 61.997.455 | 98.017.286 |
| Aðrar innstæður | 931.459.622 | 678.379.317 |
| Innlendar fjárskuldir | 85.914.469 | 182.791.137 |
| Lífeyrisskuldbinding | 321.113 | 322.222 |
| Aðrar skuldir | 12.892.429 | 100.389 |
| Ógreitt framlag til ríkissjóðs | 3.463.692 | |
| | 1.501.997.966 | 1.211.088.086 |
| Stofnfé | 57.501.000 | 57.501.000 |
| Endurmat fasteigna og lausafjármuna | 4.501.922 | 4.554.388 |
| Annað eigið fé | 21.774.201 | 7.323.770 |
| | 83.777.123 | 69.379.158 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf.

## Rekstrarreikningur ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 22.215.559 | 18.007.056 |
| Vaxtagjöld | (10.138.503) | (11.491.631) |
| Hreinar vaxtatekjur | 12.077.056 | 6.515.424 |
| Matsbreytingar verðbréfa | 13.102.198 | 11.830.483 |
| Virðisrýrnun krafna | (23.906.948) | (16.516.643) |
| Þjónustugjöld | (274.789) | (226.047) |
| | (11.079.538) | (4.912.207) |
| Hagnaður án gengismunar | 997.517 | 1.603.217 |
| Gengismunur | 3.094.377 | 504.621 |
| Hagnaður fyrir skatta | 4.091.895 | 2.107.838 |
| Tekjuskattur | (1.108.467) | (867.323) |
| Hagnaður ársins | 2.983.428 | 1.240.515 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Fastafjármunir | | |
| Hlutabréfaeign | 2.476.970 | 6.828.136 |
| Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur | 230.830.525 | 226.180.749 |
| Veðkröfur á fjármálafyrirtæki í slitameðferð | 24.529.771 | 69.104.021 |
| Almennar kröfur á fjármálafyrirtæki í slitameðferð | 31.667.662 | 25.162.880 |
| Fullnustueignir | 1.457.739 | 0 |
| Tekjuskattsinneign | 5.062.286 | 1.200.000 |
| | 295.554.919 | 328.475.786 |
| Veltufjármunir | | |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar og langtímakrafna | 13.038.812 | 13.607.418 |
| Markaðsverðbréf | 8.669.495 | 8.035.956 |
| Aðrar skammtímakröfur | 3.942.751 | 40.975.355 |
| Bankainnstæður | 18.618.639 | 5.203.123 |
| | 44.269.697 | 67.821.852 |
| | 340.294.650 | 396.297.638 |
| **Skuldir og eigið fé** | | |
| Langtímaskuldir | | |
| Skuld við móðurfélag | 329.282.708 | 391.416.448 |
| | 329.282.708 | 391.416.448 |
| Skammtímaskuldir | | |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 4.970.753 | 2.067.323 |
| Aðrar skuldir | 1.816.247 | 1.572.352 |
| | 6.786.999 | 3.639.675 |
| | 336.069.707 | 395.056.122 |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 |
| Lögbundinn varasjóður | 250 | 250 |
| Óráðstafað eigið fé | 4.223.693 | 1.240.265 |
| | 4.224.943 | 1.241.515 |
| | 340.294.650 | 396.297.638 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Sölvhóll ehf.

## Rekstrarreikningur ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Rekstrartekjur | 128.713 | 149.524 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | (48.031) | (32.984) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | (70.657) | (108.907) |
| Annar rekstrarkostnaður | (1.714) | (380) |
| Rekstrarhagnaður | 8.311 | 7.254 |
| Fjármunatekjur | 629 | 637 |
| Fjármagnsgjöld | (364) | |
| Hagnaður fyrir skatta | 8.576 | 7.890 |
| Tekjuskattur | (1.715) | (1.462) |
| Hagnaður ársins | 6.861 | 6.429 |





Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Veltufjármunir | | |
| Aðrar skammtímakröfur | 90 | 41.631 |
| Handbært fé | 61.726 | 7.344 |
| | 61.816 | 48.975 |
| **Skuldir og eigið fé** | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 414 |
| | 0 | 414 |
| Skammtímaskuldir | | |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 2.129 | 1.048 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 45.398 | 40.085 |
| | 47.527 | 41.132 |
| | 47.527 | 41.546 |
| Hlutafé | 1.000 | 1.000 |
| Lögbundinn varasjóður | 250 | 250 |
| Óráðstafað eigið fé | 13.039 | 6.179 |
| | 14.289 | 7.429 |
| | 61.816 | 48.975 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Greiðsluveitan ehf.

## Rekstrarreikningur ársins 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| RÁS-kerfið | 421.010 | 413.301 |
| Jöfnunarkerfið | 277.597 | 291.121 |
| Önnur kerfi | 159.610 | |
| | 858.217 | 704.421 |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Kostnaður við rekstur kerfa | 371.724 | 263.438 |
| Laun og tengd gjöld | 115.267 | 112.149 |
| Annar rekstrarkostnaður | 62.816 | 52.883 |
| Afskriftir fastafjármuna | 114.308 | 86.216 |
| | 664.115 | 514.686 |
| **Rekstrarhagnaður** | 194.102 | 189.736 |
| Fjármunatekjur | 11.852 | 9.438 |
| Fjármagnsgjöld | (16.860) | (37.975) |
| Hagnaður fyrir skatta | 189.095 | 161.199 |
| Tekjuskattur | (37.823) | (29.881) |
| **Hagnaður ársins** | 151.272 | 131.317 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# Efnahagur 31. desember 2011

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Fastafjármunir | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 394.014 | 483.978 |
| | 394.014 | 483.978 |
| Veltufjármunir | | |
| Viðskiptakröfur | 177.727 | 91.335 |
| Aðrar skammtímakröfur | 33.687 | 3.700 |
| Handbært fé | 412.818 | 304.272 |
| | 624.232 | 399.307 |
| | 1.018.246 | 883.285 |
| **Skuldir og eigið fé** | | |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | |
| Víkjandi lán | 176.271 | 60.000 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 5.348 | 8.656 |
| | 181.619 | 68.656 |
| Skammtímaskuldir | | |
| Viðskiptaskuldir | 71.440 | 37.696 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 84.475 | 285.536 |
| Ógreiddir reiknaðir skattar | 41.130 | 23.358 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 40.485 | 20.215 |
| | 237.530 | 366.805 |
| | 419.149 | 435.460 |
| Hlutafé | 20.000 | 20.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 108.240 | 108.240 |
| Lögbundinn varasjóður | 5.000 | 5.000 |
| Óráðstafað eigið fé | 465.857 | 314.585 |
| | 599.097 | 447.825 |
| | 1.018.246 | 883.285 |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

# VIÐAUKAR

# Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2011

| | | | |
|---|---|---|---|
| Nr. | 1 | 3. janúar 2011 | Dregið úr gjaldeyrismisvægi fjármálastofnana |
| – | 2 | 4. janúar 2011 | Nýr rekstrar- og starfsmannastjóri Seðlabanka Íslands |
| – | 3 | 6. janúar 2011 | Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands gera með sér nýjan og markvissari samstarfssamning |
| – | 4 | 13. janúar 2011 | Hlutverk seðlabanka í fjármálaeftirliti |
| – | 5 | 28. janúar 2011 | Greiðslumiðlun á vegum Seðlabanka Íslands |
| – | 6 | 31. janúar 2011 | Kynning á vaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands |
| – | 7 | 2. febrúar 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 2. febrúar 2011 |
| – | 8 | 2. mars 2011 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2010 |
| – | 9 | 16. mars 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 16. mars 2011 |
| – | 10 | 15. apríl 2011 | Ríkissjóður greiðir fyrirfram skuldabréf í erlendum gjaldmiðli |
| – | 11 | 20. apríl 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 20. apríl 2011 |
| – | 12 | 6. maí 2011 | Ríkissjóður greiðir fyrirfram skuldabréf fyrir um 346 milljónir evra (um 57 ma.kr.) |
| – | 13 | 23. maí 2011 | Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa íslenskar krónur |
| – | 14 | 1. júní 2011 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2011 |
| – | 15 | 7. júní 2011 | Niðurstaða gjaldeyrisútboðs |
| – | 16 | 15. júní 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 15. júní 2011 |
| – | 17 | 16. júní 2011 | Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur |
| – | 18 | 28. júní 2011 | Niðurstaða gjaldeyrisútboðs |
| – | 19 | 6. júlí 2011 | Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa íslenskar krónur |
| – | 20 | 12. júlí 2011 | Niðurstaða gjaldeyrisútboðs |
| – | 21 | 28. júlí 2011 | Sala á hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. |
| – | 22 | 2. ágúst 2011 | Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur |
| – | 23 | 16. ágúst 2011 | Niðurstaða gjaldeyrisútboðs |
| – | 24 | 17. ágúst 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 17. ágúst 2011 |
| – | 25 | 1. september 2011 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2011 |
| – | 26 | 21. september 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 21. september 2011 |
| – | 27 | 2. nóvember 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 2. nóvember 2011 |
| – | 28 | 18. nóvember 2011 | Fjárfestingarleiðin – skref í losun gjaldeyrishafta |
| – | 29 | 1. desember 2011 | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2011 |
| – | 30 | 7. desember 2011 | Yfirlýsing peningastefnunefndar 7. desember 2011 |
| – | 31 | 14. desember 2011 | Gjaldeyrishöftin samræmast EES-samningnum |

# Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2011

*Rit á íslensku:*

Ársskýrsla 2010.

Fjármálastöðugleiki 2011, tvö hefti.

Peningamál 2011, fjögur hefti.

Hagvísar 2011, níu hefti.

Efnahagsmál, janúar 2011.

Efnahagsmál, febrúar 2011.

Sérrit 5: Hlutverk seðlabanka í fjármálaeftirliti, janúar 2011.

*Rit á ensku:*

Annual Report 2010.

Financial Stability 2011, tvö hefti.

Monetary Bulletin 2011, fjögur hefti.

Economic Indicators, níu hefti.

Economic Affairs, February 2011.

Central Bank of Iceland Working Papers No. 53, Exchange rate policy in small rich economies, eftir Francis Breedon, Þórarin G. Pétursson og Andrew K. Rose (júní 2011).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 54, Price setting in turbulent times: Survey evidence from Icelandic firms, eftir Þorvarð Tjörva Ólafsson, Ásgerði Pétursdóttur og Karen Á. Vignisdóttur (júlí 2011).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 55, Evidence of Nominal Wage Rigidity and Wage Setting from Icelandic Microdata, eftir Jósef Sigurðsson og Rannveigu Sigurðardóttur (ágúst 2011).

Central Bank of Iceland Working Papers No. 56, Unemployment Dynamics and Cyclical Fluctuations in the Icelandic Labour Market, eftir Jósef Sigurðsson (desember 2011).

Öll þessi rit eru aðgengileg á vef bankans.

# Ræður, erindi og greinar

Hér eru birtar helstu ræður, erindi og greinar bankastjóra Seðlabanka Íslands, annarra yfirmanna bankans og sérfræðinga á árinu 2011. Auk þess er hér greint frá erindum sem flutt voru á afmælisársfundi bankans. Erindi þessi eru mörg hver aðgengileg á heimasíðu Seðlabanka Íslands. Þau eru ýmist á íslensku eða ensku.

*Már Guðmundsson seðlabankastjóri:*

Ræða á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands 4.11.2011.

Erindi um íslenska lífeyriskerfið á málþingi til heiðurs Hrafni Magnússyni fyrrverandi framkvæmdastjóra Landssambands lífeyrissjóða í Hörpu 14.10.2011.

Ræða á ráðstefnu OECD um kreppuviðbrögð og notkun ríkisábyrgða í París 4.10.2011.

Erindi um horfur í íslenskum efnahagsmálum og brýn og aðkallandi verkefni á leið Íslands til efnahagsbata hjá Bresk-íslenska viðskiptaráðinu í Lundúnum 29.9.2011.

Erindi um tilurð gjaldeyrishafta og áætlun um afnám þeirra á fundi Félags löggiltra endurskoðenda 7.9.2011.

Erindi um hlut netverksáhættu og tengdra áhættuskuldbindinga í íslensku bankakreppunni í Genf, 10.6.2011.

Erindi um lærdóma af íslenska bankahruninu fyrir innstæðutryggingakerfi á IADI-ráðstefnu BIS í Basel, 9.6.2011.

Erindi um áföll, aðlögun, samdrátt og efnahagsbata á Íslandi á ráðstefnu evrópskrar rannsóknarmiðstöðvar (Center for European Policy Studies), Brussel, 16.5.2011.

Innlegg í pallborðsumræður um umbætur á regluverki á fjármálamarkaði á alþjóðlegri ráðstefnu í Aix-en-Provence í Frakklandi 9.7.2011.

Erindi um orsakir, afleiðingar og lærdóma af fjármálakreppunni á Íslandi í Englandsbanka 11.5.2011.

Ræða á 50. ársfundi Seðlabanka Íslands 7. apríl 2011.

Erindi um lærdóma af íslensku fjármálakreppunni hjá Maastricht-háskóla í Brussel 21.3.2011.

Erindi í umræðum um alþjóðlegt peningakerfi á ráðstefnu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahags- og hagvaxtarstefnu 8.3.2011.

Erindi um viðræður um aðild að ESB og valkosti í peningamálum hjá Samtökum kvenna í atvinnurekstri 24.2.2011.

Erindi um lærdóma af fjármálakreppunni fyrir hagstjórn, fjármálastöðugleika og stofnanauppbyggingu á málstofu í viðskiptafræði í Háskólanum á Akureyri 14.1.2011.

*Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri:*

Erindi um rökfræði áætlunarinnar um losun gjaldeyrishafta á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands 15.12.2011.

*Erindi Þórarins G. Péturssonar aðalhagfræðings:*

Erindi um efnahagsþróun á Íslandi síðustu árin, uppsveifluna, hrunið og framvinduna eftir það fyrir hóp sérfræðinga úr efnahagsmálaráðuneyti Þýskalands 24.6.2011.

Erindi um peningastefnuna eftir höft á málstofu í Háskóla Íslands um mótun framtíðarstefnu í peningamálum 12.4.2011.

*Önnur erindi og greinar:*

Grein Jóns Þ. Sigurgeirssonar, framkvæmdastjóra skrifstofu bankastjóra, um ólíkan uppruna fjármálakreppunnar á Íslandi og Grikklandi.

Erindi Ásgeirs Daníelssonar, forstöðumanns rannsóknar- og spádeildar hagfræðisviðs, um stefnu Seðlabanka Íslands í aðdraganda hruns bankanna á málstofu hjá hagfræðideild Háskóla Íslands 14.10.2011.

Erindi Stefáns Jóhanns Stefánssonar, ritstjóra, um fjármálalæsi og hagstjórn á ráðstefnu um fjármálalæsi í Þjóðmenningarhúsinu 9.9.2011.

Erindi Jóns Sigurðssonar, fyrrverandi seðlabankastjóra, um sögu Seðlabankans á afmælisársfundi Seðlabanka Íslands 7.4.2011.

Erindi Guðmundar Jónssonar, prófessors í sagnfræði, um hagþróun á Íslandi í 50 ár á afmælisársfundi Seðlabanka Íslands 7.4.2011.

Auk þess hafa stjórnendur og starfsmenn Seðlabanka Íslands haldið fjölda kynningarerinda um ýmislegt er tengist starfsemi bankans. Þar er m.a. um að ræða kynningar fyrir ýmsar fjármálastofnanir og námsmenn.

# Annáll efnahags- og peningamála 2011

**Janúar 2011**

Hinn 1. janúar hækkuðu tekju- og eignamörk sem miðað er við í reglum um félagslegar íbúðir um 2,46% og viðmiðunarmörk eigna gagnvart húsaleigubótum hækkuðu um sama hlutfall. Er það í samræmi við hækkun neysluverðs frá ársbyrjun 2010 fram að ársbyrjun 2011.

Hinn 4. janúar gaf velferðarráðherra út tilmæli til sveitarstjórna um að þær hækkuðu fjárhagsaðstoð til einstaklinga þannig að hún yrði jöfn atvinnuleysisbótum.

Hinn 5. janúar var kynnt samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Landssamtaka lífeyrissjóða um að i) almennar hækkanir lífeyrisgreiðslna innan ársins 2011 myndu ekki leiða til lækkunar á greiðslum ríkisins vegna tekjutengingar; ii) lífeyrissjóðirnir myndu á sama tímabili ekki beita tekjuviðmiðun til að lækka greiðslur þótt nýir örorkumatsúrskurðir yrðu felldir; iii) frítekjumark ellilífeyrisþega myndi hækka í þremur áföngum á árunum 2013-2015 þannig að það hefði þá hækkað til jafns við hækkun frítekjumarks öryrkja.

Hinn 6. janúar var greint frá því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hefðu gert með sér nýjan samstarfssamning. Markmið samningsins er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu, þar með talið greiðslu- og uppgjörskerfum. Meðal nýmæla eru reglulegir fundir yfirmanna og helstu sérfræðinga beggja stofnana að minnsta kosti tvisvar á ári til að meta kerfislega áhættu í fjármálakerfinu, svo sem þjóðhagslega áhættuþætti, áhættu í starfsemi fjármálafyrirtækja, samspil áhættuþátta, stöðu greiðslukerfa, þörf á breytingum á lögum og reglum og endurbætur á viðlagaáætlunum.

Hinn 7. janúar samþykkti ríkisstjórnin að framlengja hvatningarátakið „Allir vinna“ sem stjórnvöld höfðu staðið að í samvinnu við Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og fleiri. Heimild til endurgreiðslu alls virðisaukaskatts af vinnu við íbúðarhúsnæði verður framlengd til ársloka 2011 og stendur jafn lengi og heimild til frádráttar frá tekjuskatti.

Hinn 10. janúar samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjórðu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð fimmti áfangi lánafyrirgreiðslunnar til reiðu, að upphæð 105 milljónir SDR sem er jafnvirði tæplega 19 ma.kr. Einnig eru heimildir til að draga frekar á lán frá Norðurlöndunum og Póllandi.

Hinn 28. janúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélag NBI ehf. sé hæft til að fara með virkan eignarhlut sem nemur svo stórum hluta að Landsvaki hf. og SP-Fjármögnun hf. verða talin dótturfyrirtæki þess.

Hinn 28. janúar var tilkynnt að Samkeppniseftirlitið hefði samþykkt sölu Seðlabankans á hlut í Reiknistofu bankanna jafnhliða yfirtöku

bankans á Fjölgreiðslumiðlun hf., sem heitir hér eftir Greiðsluveitan. Fyrir breytinguna rak Fjölgreiðslumiðlun jöfnunarkerfi og sameiginlega greiðslurás fyrir greiðslukortaviðskipti. Framvegis mun hún einnig reka stórgreiðslukerfi, SWIFT-Alliance-kerfi vegna greiðslna milli landa, innheimtukerfi fyrir rafrænar kröfur og greiðsluseðla og kerfi sem sinnir birtingu rafrænna skjala í heimabönkum (birtingarkerfi). Í samþykki sínu vísar Samkeppniseftirlitið til úrskurðar síns um brot kortafyrirtækja árið 2008 og setur skilyrði um hegðun Greiðsluveitunnar á markaði.

Hinn 31. janúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að NBI hf. væri hæft til að eiga og fara með allt að 33% virkan eignarhlut í Borgun hf.

Hinn 31. janúar tilkynnti Seðlabankinn um lítils háttar breytingu á kynningum á ákvörðunum peningastefnunefndar. Frá og með ákvörðun nefndarinnar þann 2. febrúar yrði yfirlýsing nefndarinnar, þar sem vaxtaákvörðunin er kynnt og rökstudd, birt klukkan 9:00 á kynningardegi í stað kl. 11:00 eins og hefði verið fram að þeim tíma. Tilgangur breytingarinnar var fyrst og fremst sá að gefa markaðsaðilum meira ráðrúm til að meta ákvörðun peningastefnunefndar áður en markaðir eru opnaðir. Þessi tilhögun gefur því fjölmiðlum, sérfræðingum og öðrum færi á að kynna sér yfirlýsingu nefndarinnar fyrir fundinn.





**Febrúar 2011**

Hinn 2. febrúar ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana lækkuðu í 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum lækkuðu í 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga lækkuðu í 4,25% og daglánavextir lækkuðu í 5,25%.

Hinn 2. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 9/2011, um breytingu á lögum um umgengni við nytjastofna sjávar. Breytingin veitir sjávarútvegsráðherra heimild til að beita dagsektum til að bæta skil á aflaskýrslum.

Hinn 2. febrúar kynnti fjármálaráðherra stefnu ríkisins í lánamálum fyrir árin 2011-2014 og áætlanir um lántökur. Áætlunin er miðuð við að heildarskuldir ríkissjóðs lækki úr 83% af VLF í lok 2010 niður fyrir 70% í árslok 2014, en að hreinar skuldir lækki á sama tíma úr 43% af VLF niður fyrir 35%. Stefnt skal að því að árlegar endurgreiðslur innlendra ríkisskuldabréfa verði lægri en 6% af VLF, innstæður á innlánsreikningum ríkissjóðs nemi á hverjum tíma a.m.k. 80 ma.kr. og að af skuldum ríkissjóðs verði 60-80% innlendar og óverðtryggðar, 20-40% verðtryggðar og 0-20% erlendar.

Hinn 3. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 12/2011, um fjölgun dómara. Dómurum við Hæstarétt verður fjölgað tímabundið um þrjá og héraðsdómurum um fimm sökum álags í kjölfar efnahagsáfallanna.

Hinn 7. febrúar kynnti velferðarráðherra skýrslu sérfræðingahóps um neysluviðmið fyrir heimili á Íslandi. Þrenns konar neysluviðmið voru kynnt: i) dæmigert viðmið sem lýsir hóflegri neyslu, þ.e. miðgildi út-

gjalda íslenskra heimila, ii) skammtímaviðmið sem er byggt á sömu forsendum nema gert er ráð fyrir að fólk geti dregið úr neyslu og frestað útgjaldaliðum tímabundið og iii) grunnviðmið sem gefur vísbendingu um hvað fólk þarf að lágmarki til að framfleyta sér.

Hinn 16. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 13/2011, svonefnd Icesave-lög, sem heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins vegna bóta sem þau greiddu vegna svonefndra Icesave-innstæðna.

Hinn 18. febrúar tilkynnti landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið að loðnukvóti ársins hefði verið aukinn í 390 þúsund tonn. Upphaflegur kvóti var 200 þúsund tonn.

Hinn 20. febrúar neitaði forseti Íslands að undirrita lög nr. 13/2011, um staðfestingu samninga um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins, svonefnd Icesave-lög. Með því vísaði forsetinn málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu og var síðar ákveðið að halda hana 9. apríl.

Hinn 23. febrúar afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi (gamla) Byrs sparisjóðs, Frjálsa fjárfestingarbankans hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. þar sem kveðinn hefði verið upp úrskurður um slit þessara fyrirtækja skv. XII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hinn 23. febrúar gaf matsfyrirtækið Moody's frá sér sérstakt álit um niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-samninginn. Í álitinu kom fram að yrði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar sú að samningurinn yrði samþykktur væri líklegt að horfum á lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands yrði breytt úr neikvæðum horfum í stöðugar. Á hinn bóginn, ef niðurstaða atkvæðagreiðslunnar yrði sú að samningnum yrði hafnað væri líklegt að lánshæfiseinkunn ríkissjóðs lækkaði í spákaupmennskuflokk.

Hinn 23. febrúar samþykkti Alþingi lög nr. 14/2011 til að styrkja samkeppnislög nr. 44/2005 m.a. með því að heimila Samkeppniseftirlitinu að grípa til aðgerða gegn aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Þá er Samkeppniseftirlitinu nú heimilt að höfða mál fyrir dómstólum til ógildingar úrskurði áfrýjunarnefndar.

Hinn 25. febrúar komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Eignarhaldsfélag NBI ehf. væri hæft til að fara með svo stóran, virkan eignarhlut í Rose Invest hf., sem er rekstrarfélag verðbréfasjóða, að Rose Invest verði talið dótturfyrirtæki eignarhaldsfélagsins.

**Mars 2011**

Hinn 1. mars samþykkti Alþingi breytingar á raforkulögum. Á meðal breytinganna er rýmkun á skilyrðum til að tengjast dreifikerfi. Þá er kveðið svo á að Landsnet skuli vera í beinni eigu ríkis og/eða sveitarfélaga frá og með 1. janúar 2015. Ennfremur er kveðið á um fyrir-

komulag gjaldskráa sem ætlað er að sjá til þess að þær standi undir meðalkostnaði við rekstur auk arðsemi sem samsvari fjármagnskostnaði og sköttum. Þá er áskilið að leyfi þurfi til að reka markað með orku til dreifingar.

Hinn 3. mars samþykkti Alþingi að gera breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, til að koma til móts við tilmæli ESA og tryggja að ríkisábyrgðir vegna Landsvirkjunar séu í samræmi við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins. Í þeirri breytingu felst að ríkisábyrgðin sé ekki ótakmörkuð, þ.e. að lög nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl., geti átt við um fyrirtækið, hún nái eingöngu til lánaskuldbindinga og að fyrir ábyrgðina sé greitt hæfilegt ríkisábyrgðargjald.

Hinn 3. mars samþykkti Alþingi breytingu á lögum nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir. Breytingin kveður svo á að í stað hins almenna ríkisábyrgðargjalds (0,25%) skv. 2. mgr. 6. gr. þeirra laga skuli Landsvirkjun, og aðrir þeir aðilar sem tilgreindir eru í 1. mgr. 6. gr. laga um ríkisábyrgðir, greiða ríkisábyrgðargjald sem svarar að fullu til þeirrar ívilnunar sem fyrirtækið nýtur, á grunni ríkisábyrgðar, í formi hagstæðari lánskjara umfram þau kjör sem almennt bjóðast á markaði án ríkisábyrgðar. Með lögum nr. 144/2010, um breytingu á lögum nr. 139/2001, um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, með síðari breytingum, samþykkti Alþingi sams konar breytingar að því er eigendaábyrgð á lánaskuldbindingum Orkuveitu Reykjavíkur varðar.

Hinn 5. mars samdi fjármálaráðherra við Landsbanka Íslands um yfirtöku Landsbankans á SpKef sparisjóði. Var það gert í samráði við Bankasýslu ríkisins og með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Hinn 5. febrúar var eigið fé SpKef metið neikvætt um 11 ma.kr. og alls vantaði 19,4 ma.kr. til að sjóðurinn uppfyllti kröfur FME um eiginfjárlágmark. Auk þess hafði sjóðurinn glímt við lausafjárvanda. Með samningnum við Landsbankann takmarkast útgjöld ríkissjóðs við kostnað við að tryggja innstæður. Eiginfjárþörf umfram það var metin 8,2 ma.kr.

Hinn 16. mars ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%.

Hinn 16. mars heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta ýmsar ákvarðanir EES-nefndarinnar um breytingar á viðaukum EES-samnings nr. IX (um reikningsskilastaðla, þskj. 1056, og rafræna greiðslumiðlun, þskj. 1057), XIII (um sjótryggingar, þskj. 1058), XIX (um neytendavernd, þskj. 1055), XX (um umhverfismál, þskj. 1054) og XXII (um félagarétt, þskj. 1060).

Hinn 16. mars samþykkti Alþingi lög nr. 24/2011, um breytingar á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Við öll þessi lög var bætt ákvæði sem heimilar kyrrsetningu eigna ef hætta er talin á að

skattaðilar geti komið sér undan greiðslum opinberra gjalda með því að flytja eða færa eignir úr sinni vörslu í hendur öðrum. Sambærileg heimild var sett í lög um tekjuskatt á árinu 2010.

Hinn 17. mars náðist samkomulag helstu veiðiþjóða annarra en Rússa um veiðar úr úthafskarfastofninum á Reykjanesi eftir margra ára viðræður. Stefnt er að því að veiðar verði samkvæmt ráðgjöf og að hlutur Íslendinga verði 31%.

Hinn 22. mars gaf forsætisráðherra út siðareglur fyrir ráðherra ríkisstjórnarinnar. Í reglunum er meðal annars fjallað um hagsmunatengsl og hagsmunaárekstra, fjármál og launagreiðslur, háttsemi og framgöngu, samskipti ráðherra við starfslið ráðuneytis og upplýsingagjöf til almennings.

Hinn 22. mars heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta tvær breytingar EES-nefndarinnar um breytingar á viðauka EES-samnings nr. XX (um umhverfismál, þskj. 1090 og 1091).

Hinn 25. mars var greint frá því að ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlitsins um hæfi stjórnarmanna hefði nú metið 47 stjórnarmenn fjármálafyrirtækja og vátryggingafélaga, þar af átta úr stjórnum eignarhaldsfélaga. Niðurstaðan var sú að þekking, skilningur og viðhorf stjórnarmannanna varðandi helstu efni sem tengjast verksviði þeirra var fullnægjandi í 35 tilvikum en ófullnægjandi í 12 tilvikum.

Hinn 25. mars birti Seðlabanki Íslands skýrslu um áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Í skýrslunni er fjallað um reynslu af fyrri áætlun Seðlabankans og framvindu skilyrða sem þarf að uppfylla til þess að hægt sé að losa um höftin. Auk þess er tveimur megináföngum áætlunarinnar lýst ásamt einstökum skrefum fyrri áfangans. Niðurstaða skýrslunnar er sú að forsendur þess að byrja að losa varlega um nokkra þætti haftanna eru fyrir hendi, en meiri háttar skref verða hins vegar vart tekin fyrr en ríkissjóður hefur með lántöku sýnt fram á getu til þess að endurfjármagna erlend lán.

Hinn 28. mars samþykkti Alþingi að bæta ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem heimilaði Íbúðalánasjóði að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að færa fasteignaveðlán einstaklinga niður í 110% af verðmæti íbúðarhúsnæðis. Lagabreytingin er í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar við lánastofnanir og lífeyrissjóði frá 3. desember 2010. Kostnaður við niðurfærslu Íbúðalánasjóðs vegna þessara aðgerða er áætlaður 21,8 ma.kr.

**Apríl 2011**
Hinn 8. apríl afturkallaði Fjármálaeftirlitið starfsleyfi Askar Capital hf., Sparisjóðabanka Íslands hf. og VBS fjárfestingarbanka hf.

Hinn 9. apríl var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um lög nr. 13/2011 sem heimiluðu fjármálaráðherra að ábyrgjast endurgreiðslu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta á kostnaði Breta og Hollendinga

á lágmarkstryggingu innstæðna í útibúum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi og greiða eftirstöðvar og vexti af þeim skuldbindingum. Forseti Íslands hafði vísað málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 20. febrúar. Kjörsókn var 75% og var heimildin felld með 59,77% gildra atkvæða gegn 40,23%.

Hinn 11. apríl samþykkti Fjármálaeftirlitið yfirfærslu á tilgreindum rekstrarhluta EA fjárfestingarfélags hf. (áður MP banka hf.) til MP banka hf. (áður nb.is-sparisjóður hf.) og veitti hinum nýja banka starfsleyfi sem viðskiptabanki. Á sama tíma féll niður starfsleyfi félagsins sem sparisjóður. Þá komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að Títan fjárfestingarfélag ehf. væri hæft til að fara með virkan eignarhlut, allt að 20%, í hinum nýja MP banka hf.





Hinn 13. apríl setti matsfyrirtækið Standard & Poor‘s lánshæfiseinkunnir Ríkissjóðs Íslands á athugunarlista með neikvæðum horfum.

Hinn 15. apríl bauðst Seðlabankinn, fyrir hönd ríkissjóðs, til að kaupa á nafnverði erlend skuldabréf ríkissjóðs sem falla eiga í gjalddaga árin 2011 og 2012. Um var að ræða tvo skuldabréfaflokka sem upphaflega voru að upphæð 1.250 milljónir evra. Aðgerðin var þáttur í lausafjár- og skuldastýringu ríkissjóðs en einnig í gjaldeyrisforðastýringu Seðlabanka Íslands. Tilboðið stóð til 5. maí 2011.

Hinn 20. apríl lagði Samkeppniseftirlitið dagsektir á Seðlabanka Íslands til að knýja fram afhendingu á upplýsingum um útlán einstakra banka og sparisjóða sem Seðlabankinn taldi sig hafa tekið við í trúnaði. Skyldu sektirnar nema 1,5 m.kr. á dag uns gögnin yrðu reidd af hendi. Sektirnar voru látnar falla niður eftir að viðkomandi lánastofnanir heimiluðu Seðlabankanum að afhenda umbeðin gögn.

Hinn 20. apríl staðfesti matsfyrirtækið Moody's Baa3 lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands með neikvæðum horfum fyrir innlendar og erlendar langtímaskuldbindingar í framhaldi af því að Icesave-samkomulaginu var hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu hinn 9. apríl. Fyrirtækið hafði áður gefið til kynna að höfnun samkomulagsins myndi að líkindum leiða til lækkunar lánshæfismats. Í tilkynningu Moody's 21. apríl sagði að góðar horfur um greiðslur úr þrotabúi gamla Landsbankans, frammistaða Íslands í samstarfinu við AGS og stuðningur Norðurlandanna í kjölfar atkvæðagreiðslunnar hafi gert það að verkum að lánshæfismatið stóð óbreytt.

Hinn 20. apríl ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%.

**Maí 2011**

Hinn 2. maí afhentu íslensk stjórnvöld Eftirlitsstofnun EFTA bréf efnahags- og viðskiptaráðherra þar sem því var hafnað að Íslendingar

hefðu brotið innstæðutryggingartilskipun Evrópusambandsins og þess krafist að málið yrðið látið niður falla. Bent var á að þrotabú Landsbankans myndi standa undir þorra innstæðukrafna, útgreiðslur hæfust brátt og aðgerðir Breta og Hollendinga hefðu tafið fyrir uppgjöri.

Hinn 5. maí var skrifað undir kjarasamninga landssambanda og stærstu félaga Alþýðusambands Íslands við Samtök atvinnulífsins. Meginatriði samninganna eru: Almenn prósentuhækkun launa yfir ákveðnum mánaðarlaunum, krónutöluhækkun kauptaxta sem eru undir þeim mörkum, hækkun lágmarkstekna og uppbætur vegna tafa á samningsgerð. Svipaðir samningar voru síðan gerðir bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. Samningarnir gilda til 31. janúar 2014 ef forsendur ganga eftir. Samningar hefðu losnað 1. febrúar 2012 ef ýmis samningstengd loforð hefðu ekki verið lögfest fyrir 22. júní sl. Forsendur sem þurfa að vera uppfylltar við endurskoðun samningsins árið 2012 eru þær að kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 til desember 2011, verðlag hafi verið stöðugt og gengi krónunnar hafi styrkst marktækt frá gildistöku samningsins til ársloka 2011. Við seinni endurskoðun á árinu 2013 þarf kaupmáttur að hafa aukist á tímabilinu desember 2011 til desember 2012, tólf mánaða verðbólga að verða undir 2,5% í desember 2012 og þá þarf gengisvísitala krónunnar að vera innan við gildið 190. Samkvæmt samningunum skulu laun yfir 282.353 kr. á mánuði hækka um 4,25% 1. júní 2011, laun yfir 314.286 kr. hækka um 3,5% 1. febrúar 2012 og laun yfir 338.462 kr. hækka um 3,25% 1. febrúar 2013. Kauptaxtar undir þessum mörkum hækka um 12 þ.kr. 1. júní 2011 og 11 þ.kr. 1. febrúar, bæði árin 2012 og 2013. Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu nema a.m.k. 204 þ.kr. á mánuði í lok samningstímans, sem er 23,6% hækkun. Kostnaður atvinnurekenda eykst lítið vegna hækkunar lágmarkstekna enda fáir með þau kjör. Eingreiðslur vegna samningstafa nema 75 þ.kr., 50 þ.kr. greiddar út við samþykkt samningsins og 25 þ.kr. í tengslum við orlofs- og desemberuppbætur 2011. Áætlað er að brúttókostnaður þeirra launagreiðenda sem kjarasamningurinn tekur beint til verði um 13% á samningstímanum eða um 4,3% að meðaltali á ári. Nettókostnaður atvinnurekenda verður þó minni þar sem tryggingargjald mun lækka með lækkandi atvinnuleysi samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Við undirritun kjarasamninga lýsti ríkisstjórnin yfir að persónuafsláttur yrði verðtryggður, bætur almanna- og atvinnuleysistrygginga hækkaðar í takt við laun, tekjutenging barna- og vaxtabóta endurskoðuð og tryggingargjald lækkað í takt við lækkun útgjalda vegna atvinnuleysis. Heitið var rýmkun á skattaumhverfi fyrirtækja, umbótum í viðskiptaháttum og bættri stöðu starfsmanna við gjaldþrot. Stjórnvöld lýstu yfir að það væri markmið þeirra og aðila vinnumarkaðarins að fjárfestingarhlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma.kr. á ári. Lofað var átaki til að koma atvinnulausum í nám með veitingu 2 ma.kr. úr atvinnuleysisbótum yfir í námsúrræði. Ríkisstjórnin hét því að vinna að samræmingu lífeyrisréttinda án þess að skerða áunninn rétt opinberra starfsmanna og skyldi stefnt að því að málið kæmi til kasta Alþingis fyrir þinglok. Loks var lofað að sýna hagsmunaaðilum tillögur um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða áður en þær yrðu lagðar fram.

Hinn 6. maí tilkynnti Seðlabankinn að samþykkt hefði verið að kaupa á nafnverði erlend skuldabréf ríkissjóðs fyrir um 346 milljónir evra (jafnvirði um 57 ma.kr.). Gjalddagar bréfanna eru á árunum 2011 og 2012. Viðskiptin voru niðurstaða útboðs meðal fjárfesta á skuldabréfum ríkissjóðs sem tilkynnt var um 15. apríl. Um var að ræða tvo skuldabréfaflokka, samtals að upphæð 1.250 milljónir evra (samtals 204 ma.kr.) að nafnvirði. Fyrir kaupin voru samtals um 800 milljónir evra (130 ma.kr.) útistandandi.

Hinn 16. maí breytti matsfyrirtækið Fitch horfum á lánshæfiseinkunn Ríkissjóðs Íslands úr neikvæðum í stöðugar.

Hinn 17. maí staðfesti matsfyrirtækið Standard & Poor's óbreytta lánshæfiseinkunn fyrir skuldbindingar Ríkissjóðs Íslands í erlendum gjaldmiðlum. Lánshæfiseinkunn langtímaskuldbindinga í innlendum gjaldmiðli var lækkuð í BBB-.





Hinn 23. maí bauðst Seðlabankinn til að kaupa íslenskar krónur gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri. Útboðið var liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum samkvæmt áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Bauðst Seðlabankinn til að kaupa 15 ma.kr. gegn greiðslu í evrum. Markmið þessara fyrstu aðgerða í fyrri áfanga áætlunarinnar um losun gjaldeyrishafta var að stuðla að því að fjárfestar gætu selt krónueignir sínar með skipulögðum hætti, kysu þeir það.

**Júní 2011**

Hinn 3. júní samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fimmtu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Jafnframt var samþykkt að sameina tvær síðustu endurskoðanirnar í eina. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð sjötti áfangi lánafyrirgreiðslu sjóðsins til reiðu, að upphæð 140 milljónir SDR sem er jafnvirði tæplega 26 ma.kr.

Hinn 7. júní fór fram útboð á íslenskum krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri sem tilkynnt var um 23. maí. Tilhögun útboðsins var sú að öll samþykkt tilboð miðuðust við það gengi sem þau voru lögð inn á. Alls bárust tilboð að upphæð 61,13 ma.kr. og var tekið tilboðum fyrir 13,4 ma.kr. Meðalverð samþykktra tilboða var 218,89 kr. fyrir evru en lágmarksverð tilboða var 215 kr.

Hinn 9. júní gekk ríkissjóður frá samningum um útgáfu skuldabréfa að upphæð 1 milljarður Bandaríkjadala eða um 114 ma.kr. Bréfin bera fasta vexti og eru gefin út til fimm ára á ávöxtunarkröfunni 4,993%. Kjörin jafngilda 3,20% álagi á vexti á millibankamarkaði. Fjárfestar sýndu útgáfunni mikinn áhuga og nam eftirspurn um 2 milljörðum Bandaríkjadala.

Hinn 10. júní 2011 samþykkti Alþingi lög nr. 64/2011, um breytingu á lögum nr. 65/2007, um losun gróðurhúsalofttegunda. Breytingin bindur í lög viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi lög nr. 78/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Breytingarnar styrkja ráðstöfunarrétt kröfuhafa og slitastjórna á eignum, rétt kröfuhafa í öðru ríki gagnvart riftun, setja hæfniskröfur fyrir setu í slitastjórn, staðfesta eftirlitsrétt Fjármálaeftirlitsins gagnvart slitastjórnum og skilanefndum og kveða á um skyldu þeirra til að kynna kröfuhöfum allar umtalsverðar ráðstafanir.

Hinn 10. júní samþykkti Alþingi ályktun nr. 42/139 um að skipuð skyldi nefnd til að rannsaka fall sparisjóðanna.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 70/2011, um breytingar á stjórn fiskveiða. Lögin auka heimildir til strandveiða og úthluta viðbótarafla í nokkrum tegundum gegn gjaldi. Frádráttur vegna byggðakvóta og strandveiða leggst framvegis að hluta á allar veiðiheimildir fremur en heimildir í viðkomandi fisktegund og í strandveiðum er þrengt að fjölskipaútgerðum. Byggðakvóti er aukinn, veiðigjald hækkað úr 9,5% í 13% af reiknaðri framlegð og 15% af því renna til sveitarfélaga.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 73/2011, sem lögfestu atriði í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga í maí.

Hinn 11. júní samþykkti Alþingi lög nr. 81/2011, sem framlengdu tímabundna heimild Seðlabanka Íslands til að takmarka eða stöðva tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra til 30. september 2011.

Hinn 14. júní tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði samþykkt samruna Avant hf. og SP fjármögnunar hf. við Landsbankann hf. undir nafni Landsbankans.

Hinn 15. júní ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja voru því áfram 3,25%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,0%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,25% og daglánavextir 5,25%.

Hinn 16. júní bauðst Seðlabankinn til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Útboðið var liður í losun gjaldeyrishafta. Markmið aðgerðanna var að endurheimta þann gjaldeyri sem Seðlabankinn nýtti til kaupa á aflandskrónum í fyrra útboði og selja krónur aðilum sem tilbúnir voru til að eiga þær í a.m.k. fimm ár. Bauðst Seðlabankinn til að kaupa 64 milljónir evra gegn greiðslu í ríkisbréfaflokknum RIKS 30 0701.

Hinn 23. júní greindi Þjóðskrá Íslands frá endurskoðun fasteignamats sem gildir við álagningu gjalda á árinu 2012. Heildarmat fasteigna á landinu hækkar um 6,8% og verður um 4.400 ma.kr. Heildarmat á íbúðarhúsnæði hækkar um 9%.

Hinn 24. júní tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað starfsleyfi Sparisjóðsins í Keflavík vegna úrskurðar um slit sparisjóðsins.

Hinn 28. júní fór fram gjaldeyrisútboð sem tilkynnt var um 16. júní. Alls bárust tilboð að upphæð 71,8 milljónir evra og var tilboðum tekið að upphæð 61,74 milljónir evra. Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru boðin aðalmiðlurum á sama verði (e. single price) sem var ákvarðað 210,00 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn fengu kaupendur afhent ríkisverðbréf í flokknum RIKS 30 0701.

**Júlí 2011**

Hinn 4. júlí tilkynnti Fjármálaeftirlitið að stjórn þess hefði samþykkt reglur um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja eins og mælt var fyrir um með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki. Árlegur kaupauki má ekki vera hærri en 25% af árslaunum án kaupauka og fresta skal greiðslu hluta kaupaukans um a.m.k. 3 ár. Bann er lagt við kaupauka án árangurstengingar.



Hinn 5. júlí kynnti sjávarútvegsráðherra ákvörðun sína um heildarafla á fiskveiðiárinu 2011/2012. Heimilaður þorskafli er aukinn um 17 þúsund tonn, ýsuafli minnkaður um 5 þúsund tonn, karfaheimildir auknar um 12 þúsund tonn og heimildir alls um 32,5 þúsund tonn í þeim tegundum sem úthlutað var.

Hinn 6. júlí bauðst Seðlabankinn til að kaupa íslenskar krónur gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri. Var útboðið liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum. Bauðst bankinn til að kaupa 15 ma.kr. gegn greiðslu í evrum.

Hinn 12. júlí tilkynnti Seðlabankinn niðurstöðu útboðs á gjaldeyri gegn greiðslu í íslenskum krónum sem kynnt var 6. júlí. Alls bárust tilboð að upphæð 52,2 ma.kr. og var tilboðum tekið fyrir 14,9 ma.kr. Lágmarksverð samþykktra tilboða var 215,00 kr. fyrir evru en meðalverð samþykktra tilboða var 216,33 kr. fyrir evru. Tilboðum sem voru yfir lágmarksverði var tekið að fullu en tilboð sem voru jafnhá lágmarksverði voru samþykkt hlutfallslega miðað við hlutfallið 44,0%.

Hinn 13. júlí var tilkynnt um samkomulag Byrs og Íslandsbanka um að bankinn leggi Byr til nýtt hlutafé og kaupi jafnframt hlut slitastjórnar Byrs og fjármálaráðuneytisins í sparisjóðnum. Fyrirtækin munu síðan sameinast undir merkjum Íslandsbanka að fengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins og FME.

Hinn 14. júlí tilkynnti umboðsmaður Alþingis Seðlabanka Íslands að Hagsmunasamtök heimilanna (HH) teldu að reglur bankans nr. 492/2001, um verðtryggingu, skorti lagastoð. Samkvæmt 13. gr. vaxtalaga, nr. 38/2001, bæri að verðbæta greiðslur af lánum en ekki höfuðstól eins og reglurnar kvæðu á um. Því teldu HH innheimtu fjármálastofnana á verðtryggðum kröfum óheimila. Í svarbréfi 30. ágúst benti Seðlabankinn á að reglurnar væru settar samkvæmt fyrirmælum í lögunum og að í framkvæmd væru greiðslur ætíð hinar sömu hvort sem farið væri eftir orðalagi laga eða reglna. Því gæti ekki verið um brot á lögmætisreglunni að ræða.

Hinn 15. júlí gaf sjávarútvegsráðherra út reglugerð samkvæmt nýsettum lögum og hækkaði veiðigjald á ígildi þorskkílós um 6,44 krónur í 9,46 krónur. Áætlaðar tekjur ríkissjóðs af gjaldinu hækka úr 2,7 ma.kr. á ári í 4,5 ma.kr. Stafar hækkunin bæði af auknum aflaheimildum og hækkun veiðigjaldsins.

Hinn 21. júlí tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað starfsleyfi Glitnis banka hf. og Kaupþings banka hf.

Hinn 26. júlí kom út ríkisreikningur fyrir árið 2010. Gjöld ríkissjóðs umfram tekjur námu 123 ma.kr. samanborið við 139 ma.kr. árið 2009. Tekjur án vaxta hækkuðu um 13½% vegna hækkunar skatttekna. Gjöld hækkuðu um 4% milli ára og fóru 7½% fram úr fjárlögum. Ef litið er fram hjá vöxtum, lífeyrisskuldbindingu, töpuðum kröfum og öðru sem tengist efnahagsáfallinu 2008, lækkuðu gjöld um 3% að nafnvirði og nær 8% að raunvirði og stóðust fjárlög á þann mælikvarða.




Hinn 28. júlí var tilkynnt að Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. hefði gengið frá sölu á 52,4% hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. í samræmi við kaupsamning frá 18. janúar 2011. Kaupandi er SF1 slhf., félag í umsjón Stefnis hf. Viðskiptin hafa hlotið samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

**Ágúst 2011**

Hinn 2. ágúst bauðst Seðlabanki Íslands til að kaupa alls 72 milljónir evra gegn greiðslu í ríkisverðbréfum. Útboðið var liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011. Markmið aðgerðanna var að endurheimta þann gjaldeyri sem Seðlabankinn nýtti til kaupa á krónum í fyrra útboði og selja krónur aðilum sem voru tilbúnir til að eiga þær í a.m.k. fimm ár.

Hinn 4. ágúst var greint frá því að EFTA-dómstóllinn hefði úrskurðað að íslenskum stjórnvöldum væri óheimilt að áskilja að starfsmenn, sem sendir eru tímabundið til Íslands, skuli njóta réttinda sem áskilin eru Íslendingum á íslenskum vinnumarkaði, ef réttindin eru umfram það sem greint er í tilskipun Evrópusambandsins um lágmarksvernd þessara starfsmanna.

Hinn 16. ágúst greindi Seðlabanki Íslands frá niðurstöðum gjaldeyrisútboðs sem lagt var fram 2. ágúst með útboðsfjárhæð 72 milljónir evra. Alls bárust tilboð að upphæð 3,4 milljónir evra. Öllum tilboðum var tekið að fullu. Útboðsverðið var ákveðið með þeim hætti að öll samþykkt tilboð voru boðin aðalmiðlurum á sama verði, sem var ákvarðað 210,00 kr. fyrir hverja evru. Sem greiðslu fyrir gjaldeyrinn fengu kaupendur afhent verðtryggð ríkisverðbréf.

Hinn 17. ágúst ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að hækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru hækkaðir í 3,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum í 4,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga í 4,5% og daglánavextir í 5,5%.

Hinn 26. ágúst samþykkti framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar íslenskra stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Með samþykkt framkvæmdastjórnarinnar varð lokaáfangi lánafyrirgreiðslu sjóðsins til Íslands til reiðu, að upphæð 280 milljónir SDR sem er jafnvirði 51 ma.kr. Alls nam lánafyrirgreiðsla sjóðsins 1,4 milljörðum SDR eða 257 ma.kr. Að auki lánuðu Norðurlöndin og Pólland um 150 ma.kr. í tengslum við efnahagsáætlunina og veittu lántökurétt sem nam samtals um 160 ma.kr.

Hinn 31. ágúst var tilkynnt að samið hefði verið um að MP banki kaupi fyrirtækjaráðgjöf Sögu Fjárfestingarbanka.

Hinn 31. ágúst veitti Fjármálaeftirlitið Straumi IB hf. starfsleyfi sem lánafyrirtæki samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.





**September 2011**

Hinn 1. september kynnti Arion banki óverðtryggð íbúðalán til 25 eða 40 ára. Lánin bera 6,45% vexti upp að 60% veðhlutfalli og eru þeir fastir fyrstu fimm árin. Viðbótarlán upp að 80% veðhlutfalli bera 7,55% vexti. Vextir verða endurskoðaðir eftir fimm ár í takt við markaðsvexti. Viðskiptavinir geta þá haldið áfram, skipt um lánsform eða greitt lánið án sérstaks uppgreiðslugjalds. Aðrar bankastofnanir fylgdu fljótlega í kjölfarið og buðu hliðstæð, óverðtryggð lán.

Hinn 2. september samþykkti Alþingi lög nr. 103/2011, um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Framlengt var til ársloka 2011 ákvæði um að lengja greiðslutímabil tekjutengdra bóta í hlutfalli við rétt til slíkra bóta miðað við fullt starf á móti nýttum bótarétti og kveðið svo á að aðili sem tekur við fyrirtæki taki yfir skyldur gagnvart starfsmönnum samkvæmt gildandi samningum. Breytingarnar tengdust aðkomu ríkisstjórnarinnar að kjarasamningum í maí.

Hinn 8. september gaf sjávarútvegsráðherra út 181 þúsund tonna upphafsheimildir fyrir loðnuveiðiskip á komandi vertíð.

Hinn 16. september samþykkti Alþingi lög nr. 119/2011, um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum (eigið fé, stóra áhættu, verðbréfun o.fl.). Megintilgangurinn með lögunum er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tilskipunar nr. 2009/111/EB, en einnig að gera smávægilegar breytingar á öðrum ákvæðum laganna, svo sem 4. mgr. 52. gr., um hæfi til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækja.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 120/2011, um greiðsluþjónustu sem festa í lög evrópsku greiðsluþjónustutilskipunina nr. 2007/64/EB og setja heildstæð lög um greiðsluþjónustu. Markmið tilskipunarinnar er að skapa heildstætt, samræmt og nútímalegt regluverk um greiðsluþjónustu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Í lögunum eru m.a. ítarleg ákvæði um réttindi og skyldur notenda og veitenda greiðsluþjónustu.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 122/2011, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Skerpt var á hæfniskröfum framkvæmdastjóra og stjórnarmanna og heimildir til að taka út séreignarsparnað rýmkaðar.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 123/2011, um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Lífeyrissjóðir fá heimild til að eiga og reka íbúðarhúsnæði, stofna félög um rekstur íbúðarhúsnæðis eða semja við einkaaðila um slíkan rekstur.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 127/2011, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, tollalögum og seðlabankalögum, og festi í lög reglur um gjaldeyrishöft sem Seðlabankinn hefur sett. Gert er ráð fyrir að höftin gildi til ársloka 2013 og gildistími tengdra ákvæða í tollalögum og seðlabankalögum er framlengdur til sama tíma.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Fagfjárfestasjóðir eru með því felldir undir eldri lög sem ná þar með til allra sameiginlegra fjárfestingarsjóða. Lögin innleiða auk þess ákvæði tilskipunar 2007/16/EB um breytingar á tilskipun um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS). Aðrar helstu breytingar eru þrenging fjárfestingarheimilda, hert skilyrði fyrir rekstri sjóða og aukin upplýsingaskylda gagnvart viðskiptavinum.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi lög nr. 134/2011, um breytingar á lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum. Með lögunum er Íbúðalánasjóði heimilað að bjóða óverðtryggð lán en í fyrri ákvæðum var kveðið svo á að ÍLS-verðbréf skyldu vera verðtryggð samkvæmt vísitölu neysluverðs. Breytingin kveður einnig á um að vextir af verðtryggðum ÍLS-verðbréfum skuli vera fastir allan lánstímann en að vextir af óverðtryggðum ÍLS-verðbréfum geti verið breytilegir.

Hinn 17. september samþykkti Alþingi sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011. Helstu nýjungar í fjármálum sveitarfélaga eru þær að skil fjárhagsáætlana og ársreikninga verða fyrr en nú er og frávik frá fjárhagsáætlun krefjast viðauka við áætlunina. Samanlögð útgjöld sveitarsjóðs og stofnana mega ekki vera meiri en reglulegar tekjur á hverjum þremur árum og samanlagðar skuldir og skuldbindingar mega ekki fara fram úr 150% af reglulegum tekjum. Sveitarfélög fá tíu ár til að laga sig að lögunum.

Hinn 21. september ákvað peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands að halda vöxtum bankans óbreyttum. Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana voru því áfram 3,5%, hámarksvextir á 28 daga innstæðubréfum 4,25%, vextir á lánum gegn veði til sjö daga 4,5% og daglánavextir 5,5%.

Hinn 26. september úrskurðaði Fjármálaeftirlitið að Íslandsbanki hf. væri hæfur til að fara með svo stóran (virkan) hlut í BYR hf. að BYR verði talið dótturfyrirtæki bankans.

Hinn 28. september tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði afturkallað innheimtuleyfi SPRON Factoring hf. og starfsleyfi Vaxta hf. - verðbréfamiðlunar, sem og starfsleyfi Landsbanka Íslands hf. (gamla Landsbankans) að hluta, þar sem kveðinn hefði verið upp úrskurður um slit bankans.

**Október 2011**

Hinn 4. október tilkynnti Fjármálaeftirlitið að það hefði veitt Íslandsbanka hf. leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Hinn 5. desember fékk Arion banki hf. sams konar leyfi.

Hinn 11. október náðist samkomulag á fundi strandríkja um veiðar úr kolmunnastofninum á árinu 2012. Heildarafli verður 391 þúsund tonn, sem er talsverð aukning milli ára, og afli íslenskra skipa 63.477 tonn.




